



SKOÐUN Jón Gnarr færði einstaklingunum stjórn málin á ný, segir Guðmundur Andri. **13**



MENNING Þórdís Gísladóttir niðursýður ekki veruleikann fyrir börnin í bókunum um Randalín og Munda. **22**



SPORT Arsenal-liðið sannaði sig sem meistaraefni ensku úrvalsdeildarinnar í sannfærandi sigri um helgina. **26**

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

4. nóvember 2013
259. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vildu sveitarstjóra frá

Harðar deilur eru í hreppsnefnd Rangárpings ytra vegna uppsagnar starfsmanns á skrifstofu. Tillaga minnihluta um að víkja sveitarstjóra tímabundið frá var felld. **2**

Hafnar tvíþólin Formaður Betri framtíðar er andsnúinn sameiginlegu framboði með vinstri flokkunum í Reykjavík. **4**

Á 25 fasteignir Kristján Möller spyr ráðherra hvort gefa megi Breiðdalshrepp eign Byggðastofnunar. **8**

Barið í brestina Utanríkisráðherra Bandaríkjanna reynir að berja í bresti í samskiptum við bandamenn í Mið-austurlöndum. **10**



| | | |
|----------------|-----|-------|
| Bolungarvík | 0° | SA 7 |
| Akureyri | -1° | SA 5 |
| Egilsstaðir | -1° | SA 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SA 7 |
| Reykjavík | 3° | SA 11 |

HVESSIR SYÐRA Vaxandi SA-átt um sunnanvert landið og verða 10-20 m/s síðdegis og úrkoma en mun hægar vindur og skýjað NA-til. Hiti 0-6 stig en vægt frost í innsveitum. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk

FÓLK

FASTEIGNIR.IS

LANDMARK

100% þjónusta = árangur

43% styðja stjórnarflokkana

Stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks myndi falla yrði gengið til kosninga nú samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samfylkingin og Björt framtíð bæta við sig fylgi en stjórnarflokkarnir tapa.

KÖNNUN Samfylkingin og Björt framtíð virðast vera að ná vopnum sínum og bæta við sig nokkru fylgi á síðustu mánuðum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Stjórnarflokkarnir tapa fylgi og mælast samanlagt með 43,4 prósent. Þeir fengu miðað við það 28 þingmenn samanlagt, en eru í dag með 38. Yrði gengið til kosninga nú myndu stjórnarflokkarnir því missa meirihlutann, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Samfylkingin bætir verulega við fylgi sitt og mælist með 20,8 prósent, en fékk 12,9 í síðustu þingkosningum. Björt framtíð hækkar úr 8,2 prósentu kjölfylgi í 13,7 prósent samkvæmt könnuninni.

Fylgi Framsóknarflokksins


hefur hins vegar gefið verulega eftir frá því hann fékk 24,4 prósentu fylgi í síðustu kosningum. Hann mælist nú með 16,7 prósentu fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn er enn stærsti flokkurinn og nýtur stuðnings 26,7 prósentu, sem er raunar sama og flokkurinn fékk í kosningum, þótt fylgið hafi mælst hærra í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í júní.

Stuðningur við Vinstri græna minnkar örlítið frá síðustu könnun og er nú 13,6 prósent. Það er þó yfir kjölfylgi flokksins, sem var 10,9 prósent. Píratar njóta meiri stuðnings nú en í kosningunum, 7,2 prósent styðja flokkinn nú, samanborið við 5,5 prósent í kosningunum.

- bj / sjá síðu 4

Fjöldi þingmanna samkvæmt könnun



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 30. og 31. október 2013



RENNA FYRIR FISK Þessir kajakræðarar renndu fyrir fisk utan við Gróttu í veðurblíðunni í gær. Magnús Sigurjónsson í Kayak-klúbbnum segir félagsmenn talsvert stunda það að veiða af kajökunum. „Afllinn er helst þorskur en það slæðist dálítið af ýsu með,“ segir Magnús, sem segir vel hægt að fara í róðrartúr og fá í soðið í leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hrekkjavaka hjá Charlies: Brugðu sér í gervi Kryddpía

TÓNLIST Íslenska stúlkna sveitin The Charlies hélt upp á hrekkjavökuna með miklum glæsi-brag. Þær brugðu sér í líki einnar vinsælustu stúlkna-sveitar sögunnar, Spice Girls, og sungu lög sveitarinnar fyrir veislugesti.



MIKIL STEMNING The Charlies brugðu sér í líki Spice Girls í hrekkjavökupartí sem þær héldu.

Stúlkurnar í The Charlies eru búsettar í Los Angeles og héldu mikili hrekkjavökupartí. Þar var margt um manninn og stemningin góð.

Þá sungu þær lagið Wannabe, sem er líklega þekktasta lag Spice Girls, fyrir alla þá sem bönkuðu upp á hjá þeim og báðu um sælgæti.

- glp / sjá síðu 54

Ögrandi og öðruvísi ævisaga

Alla mína stelpuspilatíð

www.forlagid.is

Hæstaréttarlögmaður telur ekki vafa um ábyrgð ríkisins á Íbúðalánasjóði: Sjóðurinn er á ábyrgð ríkisins

EFNAHAGSMÁL Ríkið ber ábyrgð á stofnunum sínum sem eigandi. Íbúðalánasjóður er þar ekki undanskilinn,“ segir Jóhannes Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Jóhannes segir að eigendaábyrgðin sé studd lögum um sjóðinn og fjárlögum á hverjum tíma.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar efast um að ríkisábyrgð sé á skuldbindingum sjóðsins. „Ég er sammála þeim lögmönnum sem efast um að ríkisábyrgð sé á skuldbindingum sjóðsins. Ég efast hins vegar ekki um ríkisábyrgð á þeim 46 milljörðum sem hafa farið í sjóðinn frá hrúni,“ segir Vigdís.

Jóhannes segir á hinn bóg-

inn að á meðan Íbúðalánasjóður starfi samkvæmt lögum og láni til húsnæðiskaupa sé ríkisábyrgðin ótvíræð. „Færi sjóðurinn hins vegar á svig við lög og færi að lána til bílakaupa, myndi þessi ábyrgð falla niður,“ segir hann.

Jóhannes telur að þeir sem halda því fram að ríkið beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins geri ekki greinarmun á ríkisábyrgð á ákveðnum skuldbindingum sem ríkið veitir tilteknum aðilum og eigendaábyrgð ríkissjóðs. Með ríkisábyrgðum takist ríkissjóður á hendur ábyrgð á lánnum tiltekinn fyrirtækja eða stofnana á grundvelli sérstakrar lagaheimildar hverju sinni. Eig-



JÓHANNES SIGURÐSSON

VIÐGÍS HAUKSDÓTTIR

endaábyrgð ríkissjóðs byggist hins vegar á þeirri meginreglu íslensks réttar að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum stofnana sinna og fyrirtækja nema ábyrgðin sé takmörkuð með lögum.

- jme / sjá síðu 6

Íbúfen®

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

SPURNING DAGSINS



Halldóra, heitir einhver Emil í Kattholti?

„Nei, ekki eins og er en Emil hefur samt dvalið í Kattholti.“

Halldóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri Kattholts, kemur kisu landsins til bjargar á ýmsan hátt.

Sjö af hverjum tíu vilja rukka þá sem skoða helstu náttúruperlur landsins samkvæmt skoðanakönnun: Meirihluti landsmanna hlynntur gjaldtöku

KÖNNUN Nærri sjötíu prósent landsmanna vilja innheimta gjald af þeim sem skoða helstu náttúruperlur landsins samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir helgi.

Alls sögðust 69,6 prósent hlynnt gjaldtöku en 30,4 prósent eru henni andvíg.

Lítill munur var á afstöðu fólks til gjaldtöku eftir stuðningi við stjórnmalaflokka. Hlutfall þeirra sem eru fylgjandi gjaldtöku er

hæst meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, 76,3 prósent. Um 70,2 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar eru sömu skoðunar, og 68,6 prósent kjósenda Vinstri grænna.


Um 66 prósent kjósenda Framsóknarflokksins eru hlynnt gjaldtöku og 65,4 prósent þeirra sem styðja Bjarta framtíð. Stuðningsmenn Pírata skáru sig nokkuð úr, helmingur þeirra vill gjaldtöku en helmingur er henni andvígur.

Lítill munur var á afstöðu fólks

eftir kyni, en karlar eru almennt heldur hlynntari því að innheimta gjald en konur. Íbúar landsbyggðarinnar eru hlynntari gjaldtöku en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Hringt var í 1.809 manns þar til náðist í 1.158 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 30. og 31. október. Svarhlutfallið var 64 prósent. Spurt var: Finnst þér rétt að innheimta gjald af þeim sem skoða helstu náttúruperlur landsins? Alls tóku 84,4 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. -bj

→ Hlynntir gjaldtöku



GULLGRÍMAN Fjöldi fólks mótmælti í gær fyrirhuguðum námugrefti við fjallaþorp í Transilvaníu. Þar á meðal var þessi sem skýrddist gullgrímu og rúmenska fánanum.

NORDICPHOTOS/AFP

Náttúruverndarsinnar í Búkarest þustu út á götur í gær:

Á móti gullvinnslu í Transilvaníu

RÚMENÍA Fjöldi Rúmena flyktist út á götur Búkarest og fleiri borga og bæja í gær til að mótmæla áformum um gullvinnslu kanadísks námufyrirtækis í Karpatafjöllum.

Fyrirtækið hyggst starfrækja stærstu gullnámu Evrópu í námunda við fjallaþorpið Rosia Montana í Transilvaníu og hefur til þess samþykki stjórnvalda. Vonir fyrirtækisins standa til þess að geta unnið þar um 300 tonn af gulli, en það sem veldur áhyggjum almennings er að til þess þarf að nota þúsundir tonna af eiturefnum, þar á meðal blásýru. -bj

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga:

Mun minni fjölgun í fyrra

SAMFÉLAG Í fyrra fengu 7.736 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 21 frá árinu áður.

Það er viðsnúningur frá fyrri árum því frá árinu 2007 til ársins 2011 fjölgaði heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð að jafnaði um 860 á ári.

Fjölmennustu hóparnir sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2012 voru sem fyrr einstæðir barnlausir karlar og einstæðar konur með börn. -ebg

Var flutt á milli fangelsa:

Ein úr Pussy Riot horfin

RÚSSLAND Ekkert hefur spurst til Nadezhda Tolokonnikovu eftir að hún var flutt á milli fangelsa í Rússlandi fyrir ellefu dögum.

Hún var dæmd í tveggja ára fangelsi fyrir mótmæli í rétttrún-adarkirkju með tveimur vinkonum sínum úr pönkhljómsveitinni Pussy Riot.

Tolokonnikova hafði verið í hungurverkfalli til að mótmæla slæmum aðbúnaði í fangelsinu og telur eiginmaður hennar að yfirvöld í Moskvu vilji slíta öll tengsl hennar við umheiminn. -ebg

Segja pólítík ráða uppsögn á hrepps-skrifstofu

Minnihlutinn vill láta rannsaka ástæður að baki uppsögn starfsmanns á skrifstofu Rangárþings ytra. Oddviti minnihluta segir alvarlegt ef pólítískar ástæður liggja að baki. Oddviti meirihluta segir ekki um raunverulega uppsögn að ræða.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Minnihlutinn í sveitarstjórn Rangárþings ytra lagði til á hreppsnefndarfundi síðasta föstudag að Drífu Hjartardóttur sveitarstjóra yrði vikið tímabundið frá störfum og ástæðan fyrir uppsögn starfsmanns á skrifstofu sveitarfélagsins verði rannsökuð. Oddviti minnihlutans segir pólítískar ástæður liggja að baki uppsögninni þar sem umræddur starfsmaður er varafulltrúi Á-listans. Meirihluti felldi þá tillögu.

„Sveitarstjórnin sagði við mig á fundi að það væri ekki hægt að hafa kjörinn fulltrúa á skrifstofunni,“ segir Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti Á-lista, sem hefur verið í minnihluta síðan meirihlutinn sprakk fyrir um ári. „Það er þetta sem við gerum athugasemdir við. Það má ekki segja fólki upp vegna pólítískra skoðana.“

Guðfinna segir einnig að starfsmaðurinn heyrir undir skipulagsfulltrúa og hafi sveitarstjóri gengið fram hjá honum við uppsögn starfsmannsins. Að hennar sögn starfa að minnsta kosti þrjú starfsmenn hjá sveitarfélaginu núna sem eru á framboðslista annaðhvort D-eða Á-lista. „Þetta sendir slæm skilaboð til hinna starfsmanna.“

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti D-lista, þvertokur fyrir það að pólítískur ásetningur hafi legið að baki uppsögninni. Hann vill í raun meina að engin raunveruleg uppsögn hafi átt sér stað þar sem um tilraunaverkefni hafi verið að ræða. „Það var farið í gang með verkefni sem stóð í eitt ár og því fylgdi tímabundin ráðning sem gildi til 31. október.“



FRÁ HELLU Deilur eru innan hreppsnefndar Rangárþings ytra. Fulltrúar minnihlutans kröfðust þess á síðasta fundi, að Drífu Hjartardóttur sveitarstjóra yrði vikið frá störfum tímabundið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umdeild tölvukaup

Á síðasta fundi hreppsnefndar bókaði Á-listinn einnig athugasemd vegna tölvukaupa fyrir Grunnskólann á Hellu og segir að þar hafi ekki verið farið eftir innkaupareglum. Kaupin hafi numið um tíu milljónum króna en reglur kveði á um að innkaup umfram 4,4 milljónir skuli boðin út.

Meirihlutinn svaraði hins vegar að um tvö kaup hefði verið að ræða. Hvor kaupin um sig hafi farið lítillega yfir mörkin, en sveitarstjóri tók ábyrgð á því.

Guðmundur segir málið notað til þess að efna til ófriðar.

Guðfinna segist hins vegar aldrei hafa heyrð minnst á nokkurt tilraunaverkefni. „Það er einhver eftiráskýring,“ fullyrðir hún.

„Þegar starfið var auglýst var lýst eftir starfsmönnum til að vinna í ár með möguleika á áframhaldandi ráðningu,“ útskýrir Guðfinna. Sveitarstjórn hafi síðan ákveðið að ráða einstaklinginn

áfram og samþykkt að ráðningin gildi út árið 2013.

„Þess vegna kom þetta eins og köld vatnsgusa í andlitnið á honum að vera skyndilega sagt upp þegar gert er ráð fyrir starfinu á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.“ Hún segir að verkefni sem starfsmaðurinn sinnti hverfi ekki og því sé ekki hægt að kalla þau tilraunaverkefni.

nanna@frettabladid.is



DRÍFA HJARTARDÓTTIR



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Flutningaskipið Fernanda verður dregið til hafnar ef eldur er alveg slokknadur: Fernanda dregið nær landi

BJÖRGUN Menn frá Landhelgisgæslunni fara að öllum líkindum um borð í flutningaskipið Fernöndu strax í dag til að kanna hvort eldur þar sé alveg slokknadur. Sé svo verður skipið líklega dregið til hafnar á næstu dögum.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var Fernanda um 70 sjómíliur suðvestur af Garðsskaga þar sem varðskipið Þór var með skipið í togi. Landhelgisgæslan batt vonir við að Þór tækist að draga Fernöndu nógu nálægt landi svo að hægt væri að senda menn í skipið strax í dag. Mikið hvassviðri var í fyrri nótt og var því ljóst snemma í gær að það þyrfti að koma skipinu nær landi, því miklar líkur væru á að það myndi sökkva í fárviðrinu.

Talið er að eldurinn í skipinu sé slokknadur. Hins vegar er



DREGIÐ Í VAR Flutningaskipið Fernanda verður dregið til hafnar ef eldur er slokknadur. Hér er slökkvistarfi í fullum gangi.

MYND/LHG

ekki hægt að sannreyna það nema senda menn um borð.

Á samráðsfundi, sem haldinn var í gær hjá fjölda stofnana sem að málinu koma, var ákveðið að draga skipið í var, þar sem óhætt

er að senda menn um borð til að kanna málið til hlítar.

Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvert verði farið með skipið til að dæla úr því olfu og rífa það. -þþ



Way of Life!

SX4 S-CROSS



Nýr tímamóta jepplingur frá SUZUKI

Nýstárleg hönnun S-Cross býður upp á einstaklega rúmgott farþega og farangursrými. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í sérflokki auk ríkulegs staðalbúnaðar gera bílinn einstakan í sínum flokki.

VERÐ: framhjóladrifinn frá kr. 3.980 þús., fjórhjóladrifinn frá kr. 4.490 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.



SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

SVONA ERUM VIÐ



8.387 heimili nutu félagslegrar heimaþjónustu árið 2012.

Rúmlega fjögur af hverjum fimm þessara heimila voru heimili aldraðra.

Guðmundur Steingrímsson hafnar hugmynd um sameiginlegt framboð vinstri flokkanna í borginni: Málefnið gleymast í tvíþóla baráttu

REYKJAVÍK „Björt framtíð er ekki stofnuð í þeim tilgangi að taka þátt í tvíþóla pólitík,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, um hugmynd Stefáns Jóns Hafstein að Björt framtíð, Samfylkingin og Vinstri grænir sameinist um eitt framboð fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Guðmundur sló hugmynd Stefáns út af borðinu í viðtali við Sigurjón M. Egilsson í Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Þar sagði hann pólitík vera margþóla vett-

vang en ekki bara baráttu á milli vinstri manna annars vegar og Sjálfstæðisflokksins hins vegar. Sagði hann málefnið gleymast í slíkri tvíþóla skotgrafanálgun. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, segir flokkinn alltaf opinn fyrir breytingum ef það sé best fyrir árangur þeirrar hugsunar sem flokksmenn trúa á. „Það á ekki að útiloka neitt en þessi viðbrögð Guðmundar benda ekki til þess að það sé áhugi fyrir hendi,“ segir Dagur.

Sóley Tómasdóttir, oddviti VG, segist vera til í að skoða samstarf við hvern sem er hvenær sem er. „Stefnumál Vinstri grænna skipta þó mestu máli. Björt framtíð er til dæmis ekki komin með stefnu-skrá og því er svolítið snemmt að segja til um hvort ég væri tilbúin að vinna með þeim.“ -ebg



EKKI TVÍÞÓLA Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir pólitík vera margþóla vettvang. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Sérfræðingar á Pingvöllum: Rannsaka hrún í Almannagjá

PIŊVELLIR Sérfræðingar hafa verið boðaðir á Pingvöll til þess að skera úr um hvers vegna tveggja tónna bjarg brotnaði úr Almannagjá yfir helgina. Bjargið féll niður á göngustíginn og þykir mesta mildi að ekki fór illa þar sem fjöldi ferðamanna átti leið um gjána daginn sem bjargið féll. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður sagði atvikið einsdæmi. Því var ákveðið að kalla sérfræðinga til og girða svæðið af í stað þess að færa stórgrytið. -nej

Tækjabúnaður á Landspítala: Fjárveiting stóð alltaf til

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir að það standi svart á hvítu í fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fram í síðasta mánuði, að áætlun um endurnýjun tækja og búnaðar á Landspítalanum verði lögð fram við aðra umræðu frumvarpsins. Þetta kom fram í Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs var ekki reiknað með sérstakri fjárveitingu til tækjakaupa en Kristján gaf í skyn að fjárveitingin yrði aukin frá síðasta ári. -ebg

HALDIÐ TIL HAGA

Á forsiðu helgarblaðsins gleymdist að geta höfundar myndar af slökkviliðsmönnum í Hafnarfjarðarhöfn. Svavar Halldórsson er ljósmyndarinn.

Í dómi um hljómplötu Snorra Helgasonar, Autumn Skies, í helgarblaðinu fórst fyrir að setja inn stjórnugjöf. Hún fékk þrjár stjórnur.

Samfylking og Björt framtíð reyta fylgið af stjórninni

Stjórnarflokkarnir hafa tapað fylgi á síðustu mánuðum en stjórnarandstaðan sækir í sig veðrið samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Framsókn hefur tapað nærri átta prósentustigum frá kosningum.

KÖNNUN Samfylkingin og Björt framtíð hafa styrkt stöðu sína á landsvísi verulega á síðustu mánuðum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Á sama tíma tapa báðir stjórnarflokkarnir töluverðu fylgi.

Rúmur fimmtungur landsmanna, 20,8 prósent, styður Samfylkinguna samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Flokkurinn mældist með 14,4 prósentu stuðning í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var dagana 26. og 27. júní. Kjörfylgið var enn lægra, en flokkurinn fékk 12,9 prósentu stuðning í alþingiskosningunum í vor. Flokkurinn fengi miðað við þetta 13 þingmenn, en er með níu í dag.

16,7%

mælist fylgi Framsóknarflokksins að þessu sinni. Hann hlaut 24,4% í alþingiskosningunum í vor og mældist með 21% fylgi í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, í júní.

Björt framtíð hefur einnig bætt við sig verulega fylgi á síðustu mánuðum, og mælist nú með stuðning 13,7 prósentu. Kjörfylgi flokksins var 8,2 prósent, og hann mældist með svipað fylgi í síðustu könnun. Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina fengi

Björt framtíð nú þingmenn, en er með sex í dag.


Fylgi Framsóknarflokksins hefur hríðfallið frá kosningum. Hann mælist nú með stuðning 16,7 prósentu kjósenda. Fylgið mældist 21 prósent í júní, og flokkurinn fékk 24,4 prósent atkvæða í kosningunum í apríl. Framsóknarflokkurinn er með 19 þingmenn í dag en fengi 11 ef kosið yrði nú, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn er enn stærsti flokkurinn, en í dag mælist hann með nákvæmlega jafn mikið fylgi og hann fékk í kosningunum í vor, 26,7 prósent. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í lok júní mældist flokkurinn með stuðning 31,3 prósentu kjósenda, og hefur fylgið því gefið eftir á síðustu mánuðum. Flokkurinn er með 19 þingmenn í dag og fengi 17 samkvæmt könnuninni, þrátt fyrir að mælast með sama fylgi og á kjördag. Ástæðan er önnur dreifing atkvæða hjá öðrum flokkum.

Þráttar bæta heldur við stuðninginn frá kosningum. Flokkurinn nýtur í dag stuðnings 7,2 prósentu landsmanna, en fékk 5,1 prósent í kosningunum. Hann mældist með litlu meira en kjörfylgi í júní. Flokkurinn myndi, miðað við þetta, bæta við sig einum þingmanni frá því sem nú er og fá fjóra menn kjörna.

Athygli vekur að fremur fáir segjast nú myndu kjósa aðra flokka en þá sem eru á þingi, þótt framboðið af öðrum flokkum

Stjórnarflokkar tapa frá síðustu könnun



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 30. og 31. október 2013

→ Aðferðafræðin

Hringt var í **1.809** manns þar til náðist í **1.158** samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 30. og 31. október. Svarhlutfallið var **64** prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku **59,1** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

hafi verið talsvert í síðustu kosningum. Aðeins 1,4 prósent segjast nú myndu kjósa annan flokk en þá flokka sem nú eiga sæti á

Alþingi, en um tólf prósent kjósenda kusu einhvern annan flokk í síðustu kosningum.

brjann@frettabladid.is

JógaJógaJóga!

• Hefst 5. nóvember
• Þri. og fim. kl. 12:00-13:00
• Kennari: Gyða Dís
• Verð kr. 13.900.-

Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrk og betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

AUSTAN HVASSVIÐRI um sunnanvert landið síðdegis í dag og fram á morgundaginn. Rigning eða slydda og snjókoma til fjalla syðra næstu daga en stöku el við NA- og A-ströndina. Hitinn breytist lítið.

| | | | | | |
|--------------|---------------------|------------------|--------------|-------------|-------------------|
| Alicante 26° | Billund 8° | Gautaborg 9° | London 13° | Orlando 25° | San Francisco 16° |
| Basel 12° | Frankfurt 11° | Kaupmannahöfn 9° | Mallorca 25° | Ósló 8° | Stokkhólmur 8° |
| Berlín 9° | Friedrichshafen 10° | Las Palmas 26° | New York 8° | París 13° | |

Miðvikudagur 8-15 m/s, hvassast NV-til og við S-ströndina.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

NÝ LED SMART TV
7005 & 8005 LÍNUR FRÁ

SAMSUNG

Meðal nýjunga frá Samsung:

- Sjónvarpið mælir með sjónvarpsefni byggt á áhorfi þínu.
- Innbyggð myndavél sem þekkir andlit, hentar vel í Skype myndsímtöl.
- Stjórnaðu tækinu með rödd og handarhreyfingum.
- Uppfærslu möguleiki með „Smart Evolution“ kubbum.
- Auðvelt að streyma efni frá sjónvarpinu yfir á spjaldtölvuna og snjallsímann og öfugt.
- Snjallsjónvarp (Smart-TV) sem stjórnað er með háþrúðum aðferðum.

40" = 329.900.-
46" = 389.900.-
55" = 599.900.-
60" = 849.900.-



UExxF7005ST 800 CMR

Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

SJÓNVÖRPIN FRÁ SAMSUNG ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARG VERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN



UExxF8005ST 1000 CMR



Glæsilegt verðlaunataeki

40" = 379.900.-
46" = 479.900.-
55" = 699.900.-
65" = 999.900.-
75" = 1.890.000.-

HLJÓMTÆKI

HW-F751



Bluetooth™

Hágæða heimabíóstæða – "Soundbar" við sjónvarp og hljómtæki með afspilun frá snjallsíma og USB. Stútfull af hátækni. Til í mörgum stærðum. Verð: 189.900

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er sjónvarpsstjóri 365?
2. Hver er markahæsti leikmaðurinn í núverandi landsliðshópi Íslands í fótbolta?
3. Hver samdi leikverkið Stóru börnin sem sýnt er í Tjarnarbíói?

1. Freyr Einarsson 2. Einar Smári Guðjohnsen 3. Lilja Steinaróttir

Skólasamfélagið á Suðurnesjum setti sér skýr markmið:

Besti árangur nemenda í samræmdum prófum frá upphafi

SKÓLAMÁL Nemendur í 10. bekk í Reykjaneshæ, Garði og Sandgerði hafa aldrei náð eins góðum árangri á samræmdum prófum eins og þeim sem voru lögð fyrir nú í haust. Meðaltalsárangur nemenda í þessum bæjarfélögum er nú við landsmeðaltal í stærðfræði og ensku í fyrsta skipti frá upphafi samræmdra prófa.

„Skólasamfélagið hefur sett

sér það markmið að nemendur okkar útskrifist úr grunnskóla með góða grunnfærni sem gefi þeim tækifæri til að afla sér góðrar framhaldsmenntunar. Það markmið er nú að nást,“



GYLFI JÓN GYLFASSON

segir Gylfi J. Gylfason, fræðslustjóri Reykjaneshæjar. Hann segir að margir samverkandi þættir skýri góðan árangur. Kennarar skili greinilega afburða vinnu, gott samstarf sé við foreldra og góður stuðningur sé frá sérfræðipjónustu skóla.

Einnig hefur samstarf skólanna aldrei verið meira en nú enda skipti skýr og samræmd aðferðafræði og stefnumótun miklu máli. -ebg

Búðarþjófur handtekinn: Ógnaði með hnífi og flúði

LÖGREGLUMÁL Maður var handtekinn á fimmta tímanum í gær vegna þjófnaðar í verslun í Kópavogi. Starfsmaður verslunarinnar hafði afskipti af manninum sem í kjölfari dró upp hníf og ógnaði starfsmanninum. Maðurinn hljóp síðan á brott en var handtekinn skömmu síðar í Kópavogi.

Töluverður erill var hjá lögreglu um helgina. Tilkynt var um þrjú innbrot í Hafnarfirði. Í einu þeirra var stolið verðmætum að jafngildi einnar milljónar króna. -jkk

HVERNIG FJALLA FJÖLMIDLAR UM REGLUVÆÐINGU FJÁRMÁLAMARKAÐA?



MARK SCHOEFF JR.

HELDUR FYRIRLESTUR

Í HÁTÍÐASAL HÁSKÓLA ÍSLANDS
MÁNUDAGINN 4. NÓV. KL. 12-13.30

Mark Schoeff Jr. er blaðamaður hjá Investment News í Washington sem er viðskiptatímarit, gefið út af Crain Communications. Schoeff Jr. skrifar um löggjöf og reglugerðir tengdar verðbréfavíðskiptum og fjármálamörkuðum og hefur sérstaklega fjallað um innleiðingu Dodd-Frank laganna. Hann fjallar einnig um bandaríska þingið, verðbréfaeftirlitið (SEC), atvinnuvegaráðuneytið, auk fleiri eftirlitsaðila.

Mark Schoeff Jr. er með meistaraþráðu í Alþjóðaviðskiptum og stjórnslu frá George Mason háskóla í Fairfax, Virginia. Hann lauk BA gráðu í stjórnun og ensku frá Purdue háskóla.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir!



Ber ábyrgð á skuldum Íbúðalánasjóðs

Vigdís Hauksdóttir hefur efasemdir um að ríkisábyrgð sé á skuldum Íbúðalánasjóðs. Hæstaréttarlögmaður er á öndverðum meiði og segir að ríkið beri ábyrgð á stofnunum sínum. Sú ábyrgð sé bæði studd lögum um sjóðinn og fjárlögum.

HÚSNÆÐISMÁL „Ríkið ber ábyrgð á stofnunum sínum sem eigandi. Íbúðalánasjóður er þar ekki undanskilinn,“ segir Jóhannes Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Jóhannes segir að eigendaábyrgðin sé studd lögum um sjóðinn og fjárlögum á hverjum tíma.



VIGDÍS HAUKSÐÓTTIR



JÓHANNES SIGURÐSSON

Í 40. grein stjórnarskrárinnar komi fram að lántökur sem skuldbinda ríkið séu bannaðar nema þær séu studdar lagaheimild. Íbúðalánasjóður hafi ótvíræða lagaheimild til lántöku með útgáfu og sölu íbúðarbréfa samkvæmt lögum um húsnæðismál og lántöku samkvæmt fjárlögum á hverjum tíma.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar Alþingis hefur lýst þeirri skoðun sinni að ríkið hafi ekki efni á að tryggja skuldbindingar Íbúðalánasjóðs. Þingmaðurinn efast jafnframt um að ríkisábyrgð sé á skuldbindingum sjóðsins.

„Ég er sammála þeim lögmönnum sem efast um að ríkisábyrgð sé á skuldbindingum sjóðsins. Ég efast hins vegar ekki um ríkisábyrgð á þeim 46 milljörðum sem hafa farið í sjóðinn frá hruni,“ segir Vigdís og bætir því við að félags- og



DEILT UM ÁBYRGÐ Hæstaréttarlögmaður telur engan vafa á því að ríkisábyrgð sé á skuldum Íbúðalánasjóðs. Formaður fjárlaganefndar Alþingis er því ósammála.

Skuldir Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður skuldaði 860 milljarða króna um mitt ár, samkvæmt árschlutauppgjöri sjóðsins. Tap sjóðsins á fyrri helmingi ársins nam þremur milljörðum króna. Eigið fé nam 11,7 milljörðum. Eiginfjárlutfall sjóðsins var 2,5 prósent. Langtímamarkið sjóðsins er að hlutfallið verði fimm prósent en fari ekki niður fyrir fjögur prósent.

fjármálaráðherra muni koma fyrir fjárlaganefnd í næstu viku til að fara yfir málefni sjóðsins.

Jóhannes segir á hinn bóginn að á meðan Íbúðalánasjóður starfi samkvæmt lögum og láni til húsnæðisakaupa sé ríkisábyrgðin ótvíræð. „Ef sjóðurinn færi hins vegar á svig við lögin og færi að lána til bílakaupa, myndi þessi ábyrgð falla niður,“ segir hann.

Jóhannes telur að þeir sem halda því fram að ríkið beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins geri ekki greinarmun á ríkis-

ábyrgð á ákveðnum skuldbindingum sem ríkið veitir tilteknum aðilum og eigendaábyrgð ríkissjóðs. Með ríkisábyrgðum takist ríkissjóður á hendur ábyrgð á lánum tiltekinna fyrirtækja eða stofnana á grundvelli sérstakrar lagaheimildar hverju sinni. Eigendaábyrgð ríkissjóðs byggist hins vegar á þeirri meginreglu íslensks réttar að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum stofnana sinna og fyrirtækja nema ábyrgðin sé takmörkuð með lögum.

johanna@frettabladid.is

Ný og glæsileg afgreiðsla 365 miðla hefur litið dagsins ljós í Skaftahlíðinni:

Betra aðgengi fyrir viðskiptavinum

„Aðgengi viðskiptavina er orðið mun betra og nú getum við sýnt vörur og þjónustu fyrirtækisins enn betur,“ segir Jón Laufdal, sölustjóri 365 miðla, en miklar endurbætur voru gerðar á móttöku og afgreiðslu fyrirtækisins í Skaftahlíð 24 fyrir skömmu. „Markmiðið með breytingunum var að geta tekið betur á móti viðskiptavinum okkar og kynnt þeim betur en áður þær vörur og þjónustu sem 365 miðlar bjóða upp á,“ útskýrir Jón.

Breytingarnar, sem hafa tekið um tvo mánuði, breyta móttökunni í nokkurs konar verslun, þar sem tekið er á móti öllum viðskiptavinum 365 miðla. „Þarna fer fram sala á allri okkar þjónustu eins og áskrift að sjónvarpsstöðvunum okkar, móttaka auglýsinga fyrir Fréttablaðið og sjónvarpsmiðlana, afgreiðsla Miði.is, ásamt annarri þjónustu,“ bætir Jón við. Mikið er um að vera hjá fyrirtækinu á næstunni og mun sjónvarpsviðið til dæmis bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá í jólamánuðinum.

Afgreiðsla 365 miðla er opin alla virka daga frá klukkan 9 til 18 og á laugardögum frá 10 til 16. -gfp



MIKLAR ENDURBÆTUR Móttaka 365 miðla hefur tekið miklum breytingum og er orðin mjög glæsileg. FRÉTTABLAÐIÐ

Fjöldi starfsmanna N1:

820

Það gerir einn starfsmann á hverja 392 Íslendinga.



1971:

Byrjað að selja bílatengdar vörur á bensínstöðvum. Sama ár var Landssamband hjálparveita skáta stofnað.

Hluti af atvinnulífi

Allur flugvélafloti Icelandair gengur fyrir eldsneyti frá N1.

Það eru alls **18** flugvélar.

Íslenskir bændur nota tæplega

1,6 milljónir

hektara af landi undir landbúnaðarstarfsemi. Það eru 15% af stærð Íslands.



Daglega sinnir N1 að meðaltali

6

dælingum á skip og togara.

672.800

erlendir ferðamenn heimsóttu Ísland í fyrra.




Um fjórðungur þeirra naut þjónustu N1.

1982:

Bygging hófst á þjónustustöðvum eins og við þekkjum þær í dag. Sama ár voru þrjár almyrkvar á tungli, en það mun ekki gerast aftur fyrr en árið 2485.

Tonn af þorski veidd við Íslandsstrendur árið 2012:

**177.000**

Kílóíð af þorski á LE BERNARDIN í New York kostar:

116.000 kr. / \$ 954

Bið eftir borði: 10 – 40 dagar. (Frægir: 0 dagar).



Kaffipása á vinnustað varir að meðaltali

13,5

mínútur.

Atvinnulíf. Gangverk sem eykur lífsgæði. Íslenskt atvinnulíf treystir á þéttrið þjónustunet N1 með eldsneyti, rekstrarvörur og önnur aðföng. N1 veitir íslenskum fyrirtækjum orku til góðra verka - því að saman höldum við samfélaginu á hreyfingu.

Komum af stað!



MEÐ RÉTTAN BÚNAÐ Þessi ungi piltur í Kenía horfir hér á sólmyrkvann sem sást afar vel í föðurlandi hans. Hann var útbúinn gleraugum til að koma í veg fyrir augnskemmdir.


NORDICPHOTOS/AFP

Sjaldgæft sjónarspil sást víða um heiminn í gær:

Tunglið skyggði á hluta sólarinnar

VÍSINDI Náttúran bauð upp á sjaldgæft sjónarspil í gær þegar deildarmyrkvi varð á sólu; tunglið skyggði á hana að hluta til. Fyrirbærið sást fyrst í suðurríkjum Bandaríkjanna áður en það barst austur yfir Atlantshafið til Afríku. Vísindamenn NASA, Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, sögðu að tunglið hafi komist einna næst því að hylja sólina frá Atlantshafinu séð, en besta útsýnið á fastalandi var frá norðausturríkjum Bandaríkjanna og Suður-Evrópu.

-þj



EIGNIR BYGGÐASTOFNUNAR Byggðastofnun á nú 25 eignir um allt land. Bókfært virði þeirra er rúmur milljarður króna og rekstrarkostnaður er að meðaltali tæpar sextán milljónir á ári.

Kynbundið ofbeldi á áttaksvæðum

Hádegisfyrirlestur Rauða krossins að Efstaleiti 9

Pascale Meige Wagner frá Alþjóða Rauða krossinum heldur fyrirlestur um kynbundið ofbeldi á áttaksvæðum.

Kynbundið ofbeldi þekkist nánast á öllum áttaksvæðum og er oftast en ekki beitt kerfisbundið af stríðandi fylkingum.

Alþjóðaráð Rauða krossins hefur starfað á áttaksvæðum í 150 ár og hafa starfsmenn þess orðið vitni að því hvernig hið grófa og alvarlega ofbeldi sem beitt er hefur áhrif á líf fórnarlambanna, en ekki síður fjölskyldur þeirra og jafnvel heilu samfélögin.

Fyrirlesturinn er öllum opin og er aðgangur ókeypis. Hann hefst kl. 12:00 og stendur til kl. 13:00

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra heldur opunarávarp.



Byggðastofnun hefur selt 46 eignir frá 2009

Byggðastofnun á nú 25 fasteignir um land allt sem fengist hafa við gjaldþrot eða nauðungarsölu. Þingmaður vill láta skoða hvort gefa megi Breiðdalshreppi eina eign stofnunarinnar, en slíkt hefur ekki tíðkast hingað til að sögn talsmanns.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig er fasteignastaða Byggðastofnunar?

STJÓRNSÝSLA Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar í Austurkjördæmi, lagði í síðustu viku fram fyrirspurn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um hvort til greina komi að gefa Breiðdalshreppi eign Byggðastofnunar í frystihúsinu á Breiðdalsvík.

Kristján segir í samtali við Fréttablaðið að hugmyndin að þessari fyrirspurn hafi vaknað þegar hann hitti sveitarstjórnarfolk í Breiðdalsvík, en þar hafi þetta meðal annars komið til tals.

„Þeir sýndu okkur þetta stóra hús, en að þeirra mati verður aldrei rekið þarna frystihús aftur. Hreppurinn hefur hins vegar margs konar hugmyndir um hvernig megi nýta þetta hús í öðrum tilgangi, meðal annars með því að skipta því niður. Það er mín skoðun að það geti enginn annar en hreppurinn.“

Kristján segir að hreppurinn hafi ekki fjármagn til þess að kaupa eignina en Byggðastofnun

geti með þessu losnað við kostnað af húsinu, meðal annars fasteignagjöld og viðhald.

Svar hefur enn ekki borist frá ráðherra, en Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs hjá Byggðastofnun, sagði í samtali við Fréttablaðið að hingað til hafi stofnunin ekki gefið eignir.

„Það hefur komið fyrir að eignir hafi verið settar inn í félög sem hlutafé, meðal annars á Siglufirði og Skagaströnd. Þetta hefur ekki verið gefins, en þó skilað sér í uppbyggingu í samfélaginu sem skiptir mestu máli,“ segir hann.

Eins og sakir standa á Byggðastofnun 25 fasteignir um allt land, allt atvinnuhúsnæði utan einnar, sem er svipað og hefur verið síðustu ár, en nokkru meira en var fyrir hrún. Fasteignirnar hefur stofnunin eignast á nauðungarsölu eða við gjaldþrot skuldara og er bókfært virði þessara eigna rúmlega milljarður króna.

Hjalti segir eignirnar hafa verið mislengi í sölu. „Það hefur hægst svolítið á eftir hrún og eignirnar eru stærri og þyngri þannig að þetta hefur verið erfiðara.“



Hreppurinn hefur margs konar hugmyndir um hvernig megi nýta þetta hús í öðrum tilgangi. [...] Það er mín skoðun að það geti enginn annar.

Kristján L. Möller
þingmaður Samfylkingarinnar

Flestallar eignirnar eru í notkun en Hjalti segir að stefnan sé að reyna að selja eignirnar sem fyrst, en annars að koma þeim í notkun, meðal annars með leigu, sem hafi gengið ágætlega.

Rekstrarkostnaður eignanna, það er heildarkostnaður eignanna, þá er heildarkostnaður að frádragnum tekjum, hefur verið að meðaltali 15,9 milljónir króna á ári síðustu fimm ár, en frá byrjun ársins 2009 hefur stofnunin selt samtals 46 eignir fyrir 807 milljónir króna.

thorgils@frettabladid.is

KONFEKTNÁMSKEIÐ MEÐ HALLDÓRI BAKARA OG KONDITOR

Þátttakendur eru leiddir inn í leyndardóminn um hvernig á að búa til dýrindis konfekt. Hver og einn býr til sína mola úr súkkulaði frá Nóa Sírius. Farið verður í gerð fyllinga og meðhöndlun á súkkulaði og afrakstur námskeiðisins er tekinn með heim.

STAÐUR Námskeiðin eru haldin í Hagkaup Smáralind nema 18. nóv. er haldið í Sal Rauða krossins, Viðjulundi 2, Akureyri

TÍMI 18:00-20:00 nema á Akureyri 20:15-22:15.

SKRÁNING skoli@hagkaup.is eða í síma 563 5066

VERÐ 3.990,- (greitt á staðnum)
2.990,- fyrir krakka (greitt á staðnum)



Miðvikudagur 6. nóv.
Þriðjudagur 12. nóv. - Krakkanámskeið
Miðvikudagur 13. nóv. - Krakkanámskeið
Mánudagur 18. nóv. - AKUREYRI
Þriðjudagur 19. nóv.
Miðvikudagur 20. nóv.
Fimmtudagur 21. nóv.
Þriðjudagur 26. nóv.
Miðvikudagur 27. nóv.
Fimmtudagur 28. nóv.
Þriðjudagur 3. des.
Fimmtudagur 5. des.



Matreiðsluskóli
Hagkaups



HAGKAUP
Ein ferð betra verð



20% afsláttur



Soðin svið
799 kr./kg
~~998 kr./kg~~

Ferskir í fiski

Gourmet saltfiskur, hnakkastykki
1798 kr./kg
~~1998 kr./kg~~

15% afsláttur

Lamba súpukjöt
1. flokkur,
1/2 frampartur,
sagaður

799 kr./kg
~~898 kr./kg~~

Bestir í kjöti



Íslensk matvæli
kjúklingaleggir
799 kr./kg
~~898 kr./kg~~

Ferskir í fiski

Ýsa í raspi
1598 kr./kg
~~1889 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötbordi

Góð tilboð!

Gildir frá 4. – 7. nóvember

20% afsláttur



A. Mabel's muffins, 3 teg.
199 kr./stk.
~~259 kr./stk.~~

17% afsláttur



Sitrónur
398 kr./kg
~~479 kr./kg~~

20% afsláttur



Íslenskar kartöflur
í lausu
229 kr./kg
~~289 kr./kg~~

15% afsláttur



Rauð epli
399 kr./kg
~~478 kr./kg~~



Tropi nýkrestur m/aldinkjöti,
1 lítri
369 kr./stk.
~~398 kr./stk.~~

20% afsláttur



Greens Wok Classic
1 kg
439 kr./pk.
~~549 kr./pk.~~



Ab mjólk,
1 lítri
239 kr./stk.
~~267 kr./stk.~~



Gæðabakstur heilkornabrauð
349 kr./pk.
~~398 kr./pk.~~

Opið til miðnættis alla daga

8.24

NÓATÚN

Nýir loftgæðamælur settir upp Mengun mæld í Hafnarfirði

UMHVERFISMÁL Ný sýni voru tekin í kringum iðnaðarsvæðið í Hafnarfirði en þar mældist mikil þungmálmengun árið 2010. Frá þessu segir á vef RÚV, en fulltrúar bæjarins funda með fyrirtækjum á svæðinu í vikunni. Engin reglugerð er til um mengun í jarðvegi en unnið er að henni í umhverfisráðuneytinu.

Þá hefur Umhverfisstofnun sett upp loftgæðamæli milli iðnaðarsvæðisins og Valla til að fylgjast með mengun. - glp

Njósnanefndir þings og Hvíta húsið vilja enga miskunn sýna uppljóstraranum: Snowden fær ekki sakaruppgjöf

WASHINGTON, AP Hvíta húsið og yfirmenn njósnanefnda í bandaríska þinginu segja að beiðni Edwards Snowden, fyrrverandi NSA-starfsmanns og uppljóstrara, um sakaruppgjöf verði hafnað.

Dan Pfeiffer, ráðgjafi í Hvíta húsinu, segir að engin slík boð séu nú til umræðu innan Hvíta hússins. Hann sagði í samtali við fréttastofu ABC að Snowden ætti að snúa til Bandaríkjanna og horfast í augu við ákærur. Snowden hefur fengið tímabundið hæli í Rússlandi eftir að

hafa greint frá trúnaðarupplýsingum um persónuþjónnir bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar, NSA.

Formenn njósnanefndar Bandaríkjapings, Dianne Feinstein og Mike Rogers, taka ekki vel í hugmyndir um sakaruppgjöf. Segir Rogers sakaruppgjöf vera hræðilega hugmynd og Feinstein tekur í sama streng. Snowden hafi brotið lögin, þegar hann hefði persónulega getað tilkynnt nefnd hennar um upplýsingarnar sem hann lak. - eh



HETJA Margir hafa lýst uppljóstrunum Edwards Snowden sem hetjudáð. Þessu eru bandarísk stjórnvöld ekki sammála.

Sendi skilaboð undir stýri: Drukkinn og keyrði á konu

DANMÖRK Drukkinn ökumaður sem ók á og drap 46 ára konu í Kaupmannahöfn um helgina var handtekinn í gær.

Maðurinn, sem er 22 ára gamall, keyrði á 100 kílómetra hraða þar sem 50 kílómetra hraði er leyfilegur, fór yfir á rauðu ljósi og stakk af eftir að hafa keyrt á konuna. Ekstrabladet greindi frá því að við yfirheyrslur hefði maðurinn sagt að hann hafi ekki séð rauða ljósið því hann hafi verið að senda skilaboð í símanum. - ebg

Kosning í Staðarprestakalli: Páll kjörinn sóknarprestur

KIRKJUMÁL Páll Ágúst Ólafsson guðfræðingur er nýkjörinn sóknarprestur í Staðarprestakalli á Snæfellsnesi.

Kosning fór fram laugardaginn 2. nóvember og mættu 203 einstaklingar til þess að kjósa. Páll fékk 62 atkvæði en Davíð Þór Jónsson, guðfræðingur og fjölmiðlamaður, fylgdi fast á hæla Páls með 57 atkvæði.

Páll starfði sem lögfræðingur áður en hann lauk guðfræðinámi. - nej



PÁLL ÁGÚST ÓLAFSSON

John Kerry lofar að Íranar muni ekki öðlast kjarnavopn

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna er á ferðalagi um um Miðausturlönd og reynir að treysta sambönd við bandamenn sem gagnrýna að refsiaðgerðum gegn Sýrlandsstjórn hafi ekki verið fylgt nægilega eftir.

KAÍRÓ, AP John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, reyndi um helgina að sannfæra egypsk stjórnvöld um að Bandaríkin muni ekki leyfa að ráðist verði á landið. Ummæli Kerry hafa verið túlkuð sem viðvörðun til íranskra stjórnvalda varðandi hernaðaríhlutun í löndum bandamanna Bandaríkjanna.

Hann minntist sérstaklega á Sádi-Arabíu, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Katar, Jórdaníu, Egyptaland sem og önnur lönd, án þess að tilgreina hvaða lönd það væru nákvæmlega, sem lönd sem Bandaríkin muni vernda.

Talið er að Kerry hafi þar átt við Ísrael, helsta bandamann Bandaríkjanna í Miðausturlöndunum.

„Bandaríkjamennt verða til staðar til að verja vini sína og bandamenn,“ sagði Kerry við blaðamenn í Kaíró, en Egyptaland var fyrsti viðkomastaðurinn á ferðalagi hans um Miðausturlönd, Evrópu og Norður-Afríku.

Kerry yfirgaf Egyptaland á sunnudaginn og hélt til Sádi-Arabíu þar sem talið er að hann

muni þurfa að lægja öldur sem hafa risið í stjórnartíð Baracks Obama.

Yfirvöld þar í landi hafa lýst óánægju sinni með að Bandaríkin hafi ekki fylgt eftir refsiaðgerðum gegn Bashar Al Assad Sýrlandsforseta og beitt hernaðarvaldi gegn Sýrlandsstjórn vegna notkunar þarlendrar stjórnvalda á efnavopnum gegn eigin borgurum.

Kerry minntist á Sýrlandsmálið á blaðamannafundinum í Kaíró og reyndi að gera minna úr deiluefninu. Hann sagði nokkur lönd ekki deila sömu skoðun á aðferðum Bandaríkjanna í Sýrlandi.

„Það má vera að deilur séu um aðferðir hér og þar,“ sagði Kerry, en bætti við að víðtæk samstaða væri um það markmið að enda átök og mynda bráðabirgðastjórn í Sýrlandi.

„Við deilum öll þeirri skoðun að markmiðið er að halda sýrlenska ríkinu saman og veita þjóðinni tækifæri til að ráða eigin framtíð.“

Þá bætti Kerry við að Bandaríkin myndu aldrei leyfa Íransstjórn að öðlast kjarnorkuvopn.



FUNDUR Í KAÍRÓ Kerry fullvissaði Abdel Fattah al-Sisi, varnarmálaráðherra Egyptalands, um að Bandaríkin myndu vernda bandamenn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Obama biðlar nú til þingsins að hægja á fyrirætlanum um refsiaðgerðir gegn Íransstjórn til þess að halda möguleika á sveigjanleika í samningaviðræðum Bandaríkjanna og Írans varðandi kjarnorkuáætlun Írana. Nýjar samningaviðræður um kjarnorkuáætlunina hefjast í

Genf á fimmtudag en þar munu þau fimm ríki sem eiga fast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, auk Þjóðverja, funda með fulltrúum klerkastjórnarinnar. „Íran mun ekki öðlast kjarnavopn. Það er loforð frá forseta Bandaríkjanna,“ sagði Kerry. elimar@frettabladid.is

Graníthúsið ehf

Lagerútsala

Sími 5349100
Helluhrauni
Hafnarfirði

Takið vel á móti fermingarbörnunum

Þau safna fyrir
Hjálparstarf
kirkjunnar

Með þinni
hjálp



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



PABLO PICASSO Verk eftir Picasso voru meðal þeirra hundruða sem fundust í München og talið er að nasistar hafi tekið traustatöki á valdatímaum. NORDICPHOTOS/APF

Hundruð týndra listaverka fundust í München:

Þýfi frá nasistum loks komið í leitirnar

ÞÝSKALAND Í München hafa fundist um fimmtán hundruð listaverk sem talið er að nasistar hafi gert upptæk í valdatíð sinni, en frá þessu er greint á vef BBC.

Talið er að verk eftir listamennina Matisse, Picasso og Chagall séu þarna á meðal. Rannsakendur telja að verkin séu metin á um 164 milljarða króna.

Þá er sagt frá því að verkin hafi fundist fyrir tilviljun árið 2011, þegar skattayfirvöld rannsökuðu Cornelius Gurlitt, sem var sonur kaupmanns sem sá um listgallerí í München. Gurlitt var grunaður um skattsvik og var því gerð hús-

leit á heimili hans og fundust þar um fimmtán hundruð verk.

Gurlitt hafði geymt verkin í myrkvöðu herbergi og selt verk þegar honum var fjár vant.

Nasistar flokkuðu nánast öll nútímaverk sem úrkynjuð verk og voru þau því talin vera verk gyðinga. Sum verk voru eyðilögð en önnur voru seld ódýrt til safnara. Nú eru verkin geymd í öruggu húsnæði í München.

Bandaríska helfararsafnið telur að nasistar hafi á valdatíð sinni gert um sextán þúsund listaverk upptæk. - glp

„Það borgar sig aldrei að flýta sér í þessum ákvörðunum og það að bíða – sem kostar tíma – getur sparað mikið af peningum.“

Egill Snær Þorsteinsson
Fjármálaráðgjafi hjá Arion banka

PHOTO: HANSEN/SHIA 13-1019

GÓÐ RÁÐGJÖF LÉTTIR ÞÉR RÓÐURINN

Kostnaður við húsnæði er stærsti einstaki útgjaldaliður fjölskyldunnar. Því er mikilvægt að standa vel að ákvörðunum um íbúðakaup. Þá skiptir máli að sækja sér ráðgjöf og flýta sér hægt.

▶ Á arionbanki.is/ibudalausnir finnur þú myndbönd þar sem Egill og aðrir fjármálaráðgjafar Arion banka gefa góð ráð.

ARION ÍBÚÐALAUSNIR

 Arion banki

Mesta endurgreiðsla húsnæðislána í heimi:

Afdrifarík loforð

Það var algerlega fyrirsjáanlegt að fylgið myndi hrynja af Framsóknarflokknum eftir kosningar. Flokkurinn fengi, samkvæmt nýrri könnun Stöðvar 2 og Fréttablaðsins, ellifu þingmenn yrði gengið til kosninga í dag. Á þingi eru hins vegar nítján Framsóknarmenn og hættan er sú að krafa um að flokkurinn efni kosningaloforð, sem voru óraunhæf og út í loftið, neyði þessa þingmenn til að grípa til örþrífaraða.

Framsóknarflokkurinn fékk nærri fjórðung atkvæða í vor en hafði í könnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2 hæst mælst með í kringum fjörutíu prósentu fylgi. Gott gengi í kosningunum má rekja til stærsta kosningaloforðs Íslandssögunnar; niðurfellingu skulda húsnæðiseigenda sem fjármagna á með fé í eigu erlendra kröfuhafa, svokallaðra hrægammastjóða, eins og formaður Framsóknarflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, myndi orða það. Áætlaður kostnaður við skuldaleiðréttinguna er um 240 milljarðar samkvæmt formanninum en til að setja þá tölu í samhengi gera áætlanir ráð fyrir að nýr Landspítali kosti 85 milljarða á núvirði.

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, skrifaði grein í Fréttablaðið á laugardag þar sem hann líkir Framsóknarflokknum við aðra þjóðernispopúlismaflokkka í Evrópu. Grein Þorsteins má meðal annars lesa sem brýningu til Bjarna Benediktssonar og Sjálfstæðisflokksins um að standa í lappirnar gagnvart vafasömum loforðum Framsóknar. Þorsteinn segir að helsti munurinn á Framsókn og öðrum þjóðernispopúlismaflokkum í Evrópu sé að flokkurinn sé „fyrsti og eini flokkur sinnar tegundar á evrópska efnahagssvæðinu til þess að veita ríkisstjórn og landi forystu“.

Skilgreining Þorsteins á þjóðernispopúlismaflokki er einföld. Slíkir flokkar eru þjóðernissinnaðir, vilja ekki Evrópusamvinnu, hafa neikvæða afstöðu til innflytjenda og yfirbjóða þegar kemur að velferðar- og félagsmálum. Það væri ósanngjarnt að væna Framsóknarmenn um útlendingahatur en popúlísk loforð þeirra eru þeim mun stærri. Framsókn lofaði í síðustu kosningum „mestu endurgreiðslu húsnæðislána í heimi,“ svo vitnað sé í Þorstein.

Það skulda ekki allir Íslendingar húsnæðislán. Af þeim 94 þúsund fjölskyldum sem eiga eigið húsnæði á Íslandi skulda 26 þúsund þeirra ekkert. Fjölskyldur sem leigja skulda heldur ekki húsnæðislán. Lán þeirra sem skulda eru auðvitað misjöfn og ekki öll stökkbreytt og því erfitt að segja til um það í dag hvaða fjölskyldur eiga von á „mestu endurgreiðslu húsnæðislána í heimi“.

Tvær nefndir vinna að tillögum um lausn á skuldavanda heimilanna og niðurstöður þeirra verða kynntar í þessum mánuði og þeim næsta. Bjarni Benediktsson fjármálaráðgjafi hefur sagt að hann eigi ekki von á að skuldarar fái digra jólagjöf frá ríkisstjórninni í ár. Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 bendir til þess að tvær grímur séu að renna á kjósendur Framsóknarflokksins. Fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar ekkert og flokkurinn er enn stærsti flokkur landsins.

Gleymum því ekki að þrátt fyrir kosningasigur Framsóknarmanna þá kusu þeir fjórðu kjósenda ekki þennan loforðapakka. Við töpuðum öll á hruninu. Ef eitthvað fé kemur í ríkiskassann, hvort heldur sem er frá erlendum kröfuhöfum eða sameiginlegum auðlindum, þá á það fé að fara í annaðhvort opinberar framkvæmdir, eins og til dæmis nýjan Landspítala, eða til niðurgreiðslu á skuldum ríkissjóðs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MYNDEFTIRLIT

SKARPARI SÝN MEÐ MYNDEFTIRLITSKERFI FRÁ AVIGILON

ÞEGAR NÁNAR ER SKOÐAÐ KEMUR AÐEINS EITT TIL GREINA.

Hafðu samband í síma 580 7000
og fáðu upplýsingar og ráðgjöf.



SECURITAS



FRÁ DEGI TIL DAGS

Forystusætið og framtíðin

Niðurstaðan úr skoðanakönnun Fréttablaðsins í síðustu viku, um fylgi flokkanna í Reykjavík, kom mörgum á óvart. Svo virðist sem kjósendur láti ekki svo mjög á sig fá að Jón Gnarr borgarstjóri gefi ekki kost á sér fyrir lista Bjartrar framtíðar og samsetning borgarstjórnar verði óbreytt. Fróðlegt verður að sjá hvort samhljómur verður í næstu könnunum og hvernig það muni enduróma í forystuslag sjálfstæðisfólks sem er um það bil að komast á fullt sving.

Að taka sénsinn

Fjórir hafa þegar gefið kost á sér í fyrsta sætið

fyrir D-listann og nokkrir til viðbótar hafa „satsað“ á neðri sætin. Ef allt fer á þann veg sem könnunin gefur til kynna, verða Sjálfstæðismenn áfram með fimm borgarfulltrúa og því margir um hituna, minnugir þess að oft hafa frambjóðendur farið flatt á því að setja markið of hátt og endað utangarðs.

Hverju er keppt að?

Annað sem þessi könnun gefur til kynna er að Sjálfstæðisflokkurinn,

sem stendur, er ekki líklegri til þess að komast í meirihluta í borginni þrátt fyrir að Jón Gnarr sé horfinn á braut. Ef fylgið fer að rjátlast af BF eru talsverðar líkur á að það hafni hvort eð er hjá vinstri flokkunum og eftir frekar átakalítið kjörtímabil eru allar líkur á að meirihlutinn falli til þeirra og BF. Átta þeir sjálfstæðismenn sem stefna á toppinn sig á

stöðunni? Ef sjálfstæðismenn tryggja sér ekki hreinan meirihluta, eða Framsókn kemur inn manni, þá eru þeir að keppa um að verða oddviti minnihlutans. thorgils@frettabladid.is



HALLDÓR



Brothættar byggðir undir hnífinn

BYGGÐASTEFNA



Oddný G. Harðardóttir alþingismaður

Undanfarin ár hefur umræða um byggðamál verið með öðrum og skýrari hætti en áður. Eftirtektarverð er vinna Byggðastofnunar um byggðir sem skera sig úr hvað varðar mikla fjölsfækkun, erfitt atvinnuástand og óhagstæða aldursþróun undangengin ár. Sú vinna hefur ekki fengið mikla athygli utan byggðanna sem um ræðir en eru sannarlega athyglinnar virði. Unnið hefur verið með íbúum Raufarhafnar, Bíldudals, Skaftárhrepps og Breiðdalshrepps. Í þessari nýstárlegu nálgun felast sértækar aðgerðir og vinna með íbúum þar sem hin almennu stuðningsúrræði á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og byggðaaðgerða dugi ekki ein til.

Verkefninu hefur verið fylgt úr hlaði með fjölsóttum íbúafundum um framtíðarsýn byggðanna, styrkleika og tækifæri. Þó aðferðin sé miðuð við brothættar byggðir snertir hún stefnumótun í byggðamálum í heild. Má þar nefna stefnu í fjarskiptamálum, samgönguáætlun, jöfnun húshitunar á köldum svæðum, dreifnám og menntastefnu og yfirfærslu málaflókka frá ríki til sveitarfélaga.

Byggðastofnun var tryggt fé, 50 milljónir króna, á fjárlögum yfirstandandi

árs til að vinna samkvæmt þessari nýju aðferð. Sú fjárveiting, ásamt sóknaráætlunum landshlutanna með 400 milljónum króna, sýnir ótvíræðan vilja ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur til að vinna að bættum búsetuskilyrðum í brothættum byggðum þrátt fyrir þröngan fjárhag ríkisins.

Þau slæmu tíðindi eru hins vegar boðuð með fjárlagafrumvarpinu að ný ríkisstjórn hefur slegið þessa mikilvægu vinnu Byggðastofnunar af ásamt sóknaráætlun landshluta í heild sinni. Auk þess hefur hægri stjórnmál hætta við byggingu húsnæðis fyrir þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri í Skaftárhreppi sem hefja átti á þessu ári. Þekkingarsetrið er vel undirbúið samstarfsverkefni sem heimamenn höfðu bundið miklar vonir við og samtök sveitarfélaga á Suðurlandi sett ofarlega á forgangslista í sóknaráætlun landshlutans. Eftir standa byggðirnar vonsviknar.

Enn er ekki útilokað að stjórnarliðar sjái að sér við vinnslu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi og taki upp stefnu fyrir ríkisstjórnar í byggðamálum. Slík stefnubreyting bæri vott um raunsæi og skynsemi og blési krafti í byggðirnar úti um landið sem eiga undir högg að sækja.

Stjórnmalamaðurinn Jón Gnarr

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Sem stjórnmalamaður snerist Jón Gnarr ekki um vinstri og hægri – frekar um hingað og þangað. Hann færði stjórnmal aftur hingað eftir að þau höfðu verið „þar“: Sérþag sérstakrar stéttar í sérstakri vídd: það þurfti að minnsta kosti MPA-próf til svo mikið sem reyna að hugsa um stjórnmal – og samt snúast stjórnmal um einfalda hluti, nokkur grundvallaratriði: hvernig á líf okkar að vera, hvernig á að ráðstafa sameiginlegum fjármunum, hvernig á að skipta afrakstrinum af þeim arði sem verður til?

Enginn trúður

Jón Gnarr færði okkur á ný einstaklinginn í stjórnmalin, gott ef ekki sjálfa mennskuna. Ég held að það sé ekki rétt hjá þeim klára manni Goddi þegar hann segir í DV að Jón hafi alltaf verið trúður og sem slíkur sagt satt, og við kjósendur titið á hann sem einhvers konar trúð sem kemur sannleikanum á framfæri með öfugmælum og fíflalátum. Fíflað í Lé konungi er ekki valdamaður heldur samviska hins æra valdumanns – og svoltið annar handleggur en trúðar eru almennt. Ég held að almennt talað séu trúðar ekkert endilega meiri boðberar sannleikans en til dæmis blikksmiðir eða hárgreiðslufólk – öðru

nær: í alkóhólískum fræðum er það trúðurinn í fjölskyldunni sem telur það hlutverk sitt að breiða yfir sannleikann með gleðilátum og við þekkjum það samfélagslega hlutverk trúðanna að draga athygli til sín frá þeim sem raunverulega eru eitthvað að aðhafast: þannig hafa báðir ríkisstjórnarflokkar sérstakt fólk í slíkum glennum um þessar mundir, nefnilega engin nöfn.

En fyrst og fremst held ég að Jón Gnarr hafi ekki nálgast verkefnið sem trúður – eða við upplifað hann þannig.

Hvernig þá? Tja, eiginlega bara sem Jón Gnarr. Hann er ekki eins og neinn annar. Þegar maður les Sjóræningjann hans skynjar maður að hann upplifir alla tíð eigin sérstöðu mjög sterkt; finnst hann vera öðruvísi en aðrir og það sem meira er: leggur alla tíð rékt við eigin einkenni, en reynir ekki að falla inn í fjöldann.

Að sjálfsgöðu er hann oft mjög fyndinn, bæði í skrifum sínum og leik og svo lætur hann líka oft eins og fífl en hvorugt gerir hann í sjálfu sér að þeim trúði sem Goddur virðist sjá fyrir sér.

Aðrir hafa talað um að borgarstjórn Jóns Gnarr hafi verið einhvers konar „póstmodernískur gjörningur“. Því ekki það? Ég skil hvorugt orðið og þá segir maður bara jamm. Samt finnst mér einhvern veginn að slíkt tal sé fallið til þess að draga athygli frá því sem kannski sætti ekki síst tíðindum við framboð Besta flokksins og frammistöðu á kjörtímabilinu: þetta er hópur listafólks og annarra sem hafa tamið sér að reyna að koma auga á snið-

ugar og óhefðbundnar lausnir á vandamálum sem upp koma – hópur fólks sem tamið hefur sér að „huga út fyrir rammann“ – en það sem einkenndi stjórn borgarinnar var hvernig þau hugsuðu „inn í rammann“, hversu jarðbundin hún var, laus við loftkastalasmíðar í orkumálum og loforðasukk. Og hitt sem vakti athygli manns var hugsjónafestan. Herskip voru ekki velkomin í Reykjavíkurbörn vegna þess að borgarstjórnin var friðarsinni. Einræðisstjórninni í Peking var gerð rækileg grein fyrir skoðunum borgarstjórnans á málfrelsi. Ofsækjendur samkynhneigðra – hvort sem þeir voru færeykskir vinir eða borgarstjórnarmenn í Moskvu – fengu skýr skilaboð frá Reykjavík um að slíkum ofsóknum skuli hætt eigi eðlileg samskipti að ríkja.

Og þannig má áfram telja. Hugsjónir, kærleiksboðskapur, virðing, réttindabaráttan – um þetta snúast stjórnmal líka.

Listamaðurinn eða stjórnmalamaðurinn

Maður hlustaði stundum á Tvíhöfða hér á árunum áður á leið í vinnu á morgnana, milli átta og níu, á meðan þeir voru bara að spjalla, Sigurjón og Jón og þá heyrði maður iðulega í spanum hvernig Jón hugsar – hversu snjall hann er í því að láta hugann reika. Hann spyr um það sem á að heita á allra vitorði. Hann breytir því sem á að vera almenn þekking. Hann bullar. Hann flýgur. En með bullinu nær hann að horfa á viðfangsefnið öfug ferskum og nýjum augum svo að

„Sem stjórnmalamaður snerist Jón Gnarr ekki um vinstri og hægri – frekar um hingað og þangað.“

jafnvel kann að blasa við einfaldur sannleikur – eða kannski öllu heldur: einföld lygi sem við höfðum öll trúað.

Þannig var hann í útvarpinu. Þannig listamaður er Jón Gnarr. Maður sá hann stundum í viðtölum þegar hann var spurður um kannski gatnagerð eða þvíumlíkt, hvernig hann ók sér öllum til og augun hvörfluðu hingað og þangað vegna þess að hann var augljóslega með hugann fullan af fáránlegum svörum og fáránlegum spuna um það sem spurt var um – gat valið úr leiðum að fara með samtalið – maður sá sálarstríðið á meðan hann var að hugsa upp svárið, en svo þegar það kom þá var það ekki endilega neitt sniðugt, ekkert bull, engar fjarstæður, ekkert af því sem áreiðanlega hefur komið fyrst í hugann heldur reyndi hann ævinlega að svara eftir því sem hann vissi sannast og réttast um málið og ef hann vissi ekkert um það þá sagði hann það. Þannig stjórnmalamaður var hann. Hann reyndi alltaf að segja satt. Hann færði okkur einstaklinginn inn í stjórnmalin umfram orðagjálfríð. Sem stjórnmalamaður var hann fulltrúi okkar. En á endanum var þetta hlutverk – að vera stjórnmalamaður – eflaust orðin þung byrði fyrir flugmanninn.

AF NETINU

Beztu var beztur

Trúðurinn kom mér á óvart. Beztu flokkurinn reyndist geta stjórnað borginni betur en hefðbundnir pólitikarar. Gáfu embættismönnum svigrúm, önduðu ekki ævinlega ofan í hálsnál þeirra. Ég er andvígur sumum málum listans, svo sem þéttingu byggðar og ofsóknum á einkabílasta. En í stórum dráttum var þetta góður tími. Jón Gnarr hættir, leifarnar halda áfram með óbreytt fylgi undir merki Bjartrar framtíðar.

Jonas.is

Jónas Kristjánsson

Munurinn á hráu kjöti og fersku

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið lýsti því yfir í vikunni að það ætli að grípa til varna og verjast atlögu ESA og hefur ráðið andfætling okkar, nýsjálenskan sérfræðing, til að gera áhættumat vegna innflutnings á hráum dýraafurðum til Íslands og á niðurstaða hans að liggja fyrir á næsta ári. Nú er það svo að tugir þúsunda Íslendinga fara árlega til Evrópu í orlof, viðskiptaferðir eða að heimsækja ættingja og vini. Á hinum Norðurlöndunum búa nálægt 30 þús. Íslendingar og annars staðar í Evrópu búa nálægt 10 þús. Íslendingar. Engar fréttir hafa komið fram um að þetta fólk hafi hlotið bráðan bana vegna matareitrunar á ferðum sínum. Ég hef hvergi orðið var við að Íslendingar hafi hrunið niður vegna matareitrunar sem skapist vegna þess að niður í Evrópu eldi fólk úr hráu kjöti í stað þess að elda úr fersku kjöti eins og það gerir þegar heim er komið.

guðmundur.eyjan.is

Guðmundur Gunnarsson

ANTIKÚTSALA

20-50% AFSLÁTTUR

30-50%
af húsgögnum

50%
af bókum

20%
af smáhlutum



HAFNARFIRÐI
552 8222 - 867 5117
antikbud@gmail.com

Reykjavík á að vera borg fyrir fólk – ekki bíla

Fjöldi ökutækja í Reykjavík slagur upp í fjölda íbúa borgarinnar. Á Íslandi árið 2012 voru til að mynda 303.901 skráð ökutæki á öllu landinu. Í Reykjavík voru sama ár 96.980 skráð ökutæki en fjöldi íbúa í borginni var um 118.000, þar af voru margir sem höfðu ekki ökuréttindi.

Meðaltal ökutækja á hvert heimili var á árinu 2012 því ríflega tvö og að öllum líkindum nær þremur, en spurning er hvort það sé heilbriggt viðmið innan borgarsamfélags.

Þegar ökutækin eru næstum jafn mörg og íbúar borgarinnar er óumflýjanlegt að vandamál skapist í samgöngum. Staðan er að nærri 80% af þeim sem ferðast í vinnu eða skóla úr austurhluta borgarinnar á morgnana fara á einkabílum og hátt í 70% eru einir í bíl. Lausnin á umferðarteppum á háannatíma í borginni mun því til framtíðar ekki felast í því að byggja fleiri akreinar, mislægt gatnamót og fleiri stokka. Lausnin felst meðal annars í breyttri afstöðu okkar til samgangna – heilbrigðari og umhverfisvænni afstöðu – sem felst í því að minnka notkun bílsins og auknum mæli að nota okkar góðu almennings-samgöngur, ganga, taka strætó eða hjóla til vinnu.

Meginstefið

Lausnin felst enn fremur í að gera fólk kleift að búa nær vinnustöðum sínum, sem oft á tíðum eru í vesturhluta borgarinnar, og jafnframt að auka atvinnustarfsemi í austurhlutanum, til að stytta þennan langa ferðatíma. Til þess þurfum við að skipuleggja borgina með skynsamlegri hætti en ekki að byggja ný og ný úthverfi. Reykjavík á að vera borg fyrir fólk – ekki bíla. Það er einmitt meginstefið í nýsamþykktu aðalskipulagi, sem byggist m.a. á að leysa samgönguvandann með því að þetta byggð

SKIPULAG



Eva H. Baldursdóttir varaborgarfulltrúi fyrir Samfylkinguna

→ Að kaupa sér 9 mánaða kort í Strætó kostar hins vegar 49.900 kr. Það er um 12% af heildarkostnaði þess að reka bíl á ári, að þremur mánuðum viðbættum.

– þar sem manneskjan er sett í öndvegi í átt til betra borgarskipulags.

Skilvirkni samgangna eykst því með auknum almennings-samgöngum, og þá hafa akandi vegfarendur einnig meira pláss á götunum! Loks má benda á að það er ekki aðeins lausn á samgönguvanda borgarinnar að auka almennings-samgöngur – heldur er það stór sparnaðaraðgerð á hverju heimili. Að kaupa bensín á bíl á ári, miðað við 15.000 km akstur, og meðalstóran fólksbíl, kostar 353.700 kr., en ofan á þann kostnað kemur viðhaldskostnaður, tryggingar, þríf og skattar, svo heildarfjárhæðin við rekstur bíls á hverju ári getur numið hátt í 600.000 kr. (skv. tölum FÍB).

Að kaupa sér níu mánaða kort í Strætó kostar hins vegar 49.900 kr. Það er um tólf prósent af heildarkostnaði þess að reka bíl á ári, að þremur mánuðum viðbættum. Bæta má við að í mörgum tilvikum er Strætó a.m.k. ekki lengur en einkabíll á leið úr austurborginni í vesturborgina á háannatímum.

Að breyta viðhorfi sínu til samgangna heimilisins er þínu eins og að taka upp flokkunarkerfi á ruslinu, það tekur tíma og hefur í för með sér aðeins meira vesen á nútímaheimili – en í lok dagsins er það gjöfult verkefni. Það gerir okkur að betri manneskjum og betri fyrirmyndum fyrir börnin okkar að ganga betur um umhverfið, spara peninga og auka hreyfingu. Það gerir Reykjavík einnig að betri borg.

Hugleiðingar í kjölfar Smáþings

Á glæsilegu Smáþingi sem haldið var þann 10. október var fjallað um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá ýmsum sjónarhornum. Smáþingið og fréttir í aðdraganda þess hefur vafalítið sannfært flesta um nauðsyn aðgerða til að skapa þessum fyrirtækjum eðlilegt starfsumhverfi. Mikið liggur við, enda gætu þau orðið drifkraftur hagvaxtar á næstu árum ef vel tekst til.

VIÐSKIPTI



Páll Harðarson forstjóri NASDAQ OMX Iceland

Ekki er rætt um neina eina töfralausn, heldur þarf samstillt átak á mörgum sviðum. Í könnun sem gerð var fyrir Smáþing var reynt að leggja mat á þá þætti sem helst standa í vegi fyrir vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Að mati þeirra sjálfra eru hár fjármagnskostnaður og skortur á fjármagnni meðal helstu hindrana. Við í Kauphöllinni höfum mikið brotið heilann um það hvernig hlutabréfa- og skuldabréfamarkaður gætu nýst þessum fyrirtækjum betur en nú er og þannig ráðist að rót þessa vanda.

Nú er það svo að Kauphöllin starfrækir markað sem einkum er sniðinn að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Markaðurinn nefnist First North og er starfræktur til hliðar við Aðalmarkað Kauphallarinnar. Sýsturkauphallir Kauphallarinnar á Norðurlöndum reka sambærilega markaði og hefur First North markaðurinn í Svíþjóð blómstrað. Það sem af er ári hafa tólf fyrirtæki skráð sig á þann markað, mun fleiri en á Aðalmarkað. Markaðurinn telur um 107 fyrirtæki.

Athuganir NASDAQ OMX í Stokkhólmi sýna að fyrirtæki á First North vaxa mun hraðar en almennt gengur og gerist. Fyrirtæki hafa nýtt markaðinn vel til að afla fjármagns til uppbyggingar sem einnig hefur skilað sér svo um munar þegar kemur að atvinnusköpun, en athuganir sýna að starfsmönnum þessara fyrirtækja hefur að jafnaði fjölgað um 36,5% á ári eftir að þau hafa

komið inn á markaðinn. Önnur fyrirtæki hafa eft sig að sama skapi um 1,5% á samanburðartímabilinu. Þessi vöxtur birtist einnig í því að á síðustu árum hafa um 30 fyrirtæki fært sig af sænska First North markaðnum yfir á Aðalmarkaðinn. Markaðurinn er því efnahagslega mikilvægur þegar kemur að atvinnusköpun, nýttist sem uppspretta fjár fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og er stökkpallur til frekari landvinninga.

Betur má ef duga skal

Íslenski First North markaðurinn er nánast eins og sá sænski að uppbyggingu. Af hverju hafa lítil og meðalstór íslensk fyrirtæki þá ekki nýtt sér þennan markað sem fjármögnunarkost í neinum mæli? Margt kemur til. Ein ástæða er vafalaust sú að íslensk fyrirtæki eru lítt meðvitúð um þennan kost. Í BS ritgerð Þuríðar Guðmundsdóttur við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands kemur fram að innan við þriðjungur stærstu fyrirtækja landsins er kunnugt um þennan markað. Leiða má líkur að því að hlutfallið sé lægra meðal smærri fyrirtækja. Kauphöllin hefur undanfarið ár átt samtali við fjöldamörg fyrirtæki og ráðgjafa um First North markaðinn en betur má ef duga skal.

Þá virðist okkur einnig að margir álíti lítil og meðalstór fyrirtæki einfaldlega of lítil til að eiga erindi á markað. Vissulega er það svo að ekki eiga öll fyrirtæki heima á markaði. Það er aftur á móti deginum ljósara að fjöldamörg íslensk fyrirtæki gætu nýtt sér verðbréfamarkað til vaxtar. Til að mynda er dæmigert fyrirtæki sem skráð er á First North markaðinn í Svíþjóð með 400-500 milljónir króna í árs-tekjur og innan við 20 starfsmenn.

Í Svíþjóð hafa einnig ákveðin fjármála- og ráðgjafafyrirtæki sérhæft sig í aðstoð við fyrirtæki sem koma inn á First North markaðinn. Uppbygging á þessum markaði krefst þess að slíkir aðilar

→ Nú er það svo að Kauphöllin starfrækir markað sem einkum er sniðinn að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Markaðurinn nefnist First North og er starfræktur til hliðar við Aðalmarkað Kauphallarinnar.

séu fyrir hendi í nægum mæli. Vísbendingar eru um að áhugi sé að aukast hérlandis á að þjóna þessum markaði og nú þegar hafa níu aðilar verið samþykktir af Kauphöllinni til að sinna starfi ráðgjafa á íslenska First North markaðnum.

Sá þáttur sem nánast allir virðast vera sammála um að standi íslenska First North markaðnum hve mest fyrir þrifum er að lögum samkvæmt telst fjárfesting í fyrirtækjum á First North óskráð eign í bókum lífeyrissjóðanna. Þetta er afar óheppilegt og setur lífeyrissjóðum skorður varðandi fjárfestingar í þessum fyrirtækjum.

Lífeyrissjóðirnir eru gríðarlega mikilvægir fjárfestar á verðbréfamarkaði. Eignarhlutleiddi þeirra í skráðum fyrirtækjum er um þriðjungur og hærri ef óbeint eignarhald er talið með. Þessi flokkun í bókum lífeyrissjóða er örökrétt þar sem fjárfestar njóta í meginatriðum sömu verndar á First North og á Aðalmarkaði. Til að mynda gilda bæði innherja- og markaðsmisnotkunarákvæði verðbréfavíðskiptalaga um þennan markað til jafns við Aðalmarkaðinn, en sú er ekki raunin á svipuðum mörkuðum í flestum öðrum Evrópulöndum.

Auknar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga á mörkuðum á borð við First North yrði án nokkurs vafa mikil lyftistöng fyrir lítil og meðalstór íslensk fyrirtæki. Aukin þátttaka lífeyrissjóðanna myndi jafnframt laða aðra fjárfesta að markaðnum. Þannig yrði First North betur í stakk búinn til að styðja við vöxt íslensks atvinnulífs og bætt lífskjör.



Golfsettið ferðast frítt!

AMERICAN EXPRESS



Aðild að Icelandair Golfers er innifalin fyrir korthafa Premium Icelandair American Express®

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is



Golfers

Allt á einum stað!



Lífeyrisgáttin

- > Fólk á gjarnan lífeyrisréttindi í mörgum lífeyrissjóðum. Nýja **Lífeyrisgáttin** opnar sjóðfélögum greiða leið að upplýsingum um öll lífeyrisréttindi sín frá upphafi í samtryggingarsjóðum.
- > **Lífeyrisgáttina** er að finna á sjóðfélagavefjum lífeyrissjóðanna.

lifeyrisgattin.is



Gott að vita

Kynningar- og fræðsluvefurinn **Gott að vita** er kominn í nýjan og myndrænni búning.

Spyrjið um lífeyrisréttindi, lífeyrissjóðalán, efri árin og lífeyrismál yfirleitt. Leitið svara á gottadvita.is



Opið hús

Verið velkomin 5. nóvember

Lífeyrissjóðir bjóða sjóðfélögum í heimsókn þriðju-daginn 5. nóvember 2013 til að fá upplýsingar um lífeyrisréttindi og nýju **Lífeyrisgáttina**.

Þennan dag verður opið lengur en venjulega, sjá nánar á heimasíðum hvers lífeyrissjóðs.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

MERKISATBURÐIR

- 1520** Stokkholmsvígin hefjast eftir að Kristján 2. hefur verið krýndur konungur Svíþjóðar í Stokkholmi.
- 1869** Tímaritið Nature kemur fyrst út í Bretlandi.
- 1897** Fjórir bátar farast á Ísafjarðardjúpi í ofsaveðri og einn á Skjálfanda og með þeim tuttugu og tveir menn.
- 1942** Áhöfn Brúarfoss bjargar 44 mönnum úr áhöfn enska skipsins Daleby, sem sökkt var á milli Íslands og Bandaríkjanna.
- 1966** Áin Arnó flýtur yfir bakka sína við Flórens og færir hálfa borgina í kaf.
- 1969** Tveir strætisvagnar skella saman á Skúlagötu í Reykjavík og sautján farþegar slasast.
- 1995** Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, er skotinn til bana af öfgasinnum Ísraels.



2008 Barack Obama er kosinn forseti Bandaríkjanna og verður þar með fyrstur þeldökkra manna til að gegna því embætti.

Endurtekið efni:

Fagnar útgáfu tónleikadisks með tónleikum

Þann 6. október síðastliðinn lék Skúli mennski fagra afmælistóna fyrir góða gesti á Café Rosenberg ásamt fríðum hópi. Herlegheitin voru hljóðrituð og enda nú á fjórðu breiðskífu Skúla sem hefur hlotið hið frumlega nafn „Tónleikar á Café Rosenberg“. Það er því ekki annað við hæfi en að endurtaka leikinn og fagna plötunni með útgáfutónleikum á Café Rosenberg annað kvöld klukkan 21.

Með Skúla leika og syngja þau Rósa Guðrún Sveinsdóttir, Lilja Björk Runólfssdóttir, Hjörtur Stephensen og Tómas Jónsson.



FJÓRÐA BREIÐSKÍFAN Skúli mennski flytur lög af fjórðu plötu sinni sem tekin var upp á tónleikum á Café Rosenberg í október.

MYND: JULIA STAPLES



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **PÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR** Bólstaðarhlíð 29,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 28. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 6. nóvember kl. 13.00.

Ástfríður M. Sigurðardóttir Jón Gíslason
Hulda Sigurðardóttir barnabörn og barnabarnabörn.



Haustútsala
20-30% afsláttur

Graníthöllin
Legsteinar

Bæjarhrouni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

PETTA GERÐIST 4. NÓVEMBER 1911

Roy Rogers fæddist

Leonard Slye, sem síðar varð þekktur undir nafninu Roy Rogers, fæddist þennan dag árið 1911 í Cincinnati í Ohio. Rogers kom til Hollywood árið 1920 og starfaði þá við ávaxtatíslu. Snemma á fjórða áratugnum gekk hann til liðs við sönghópinn Uncle Tom Murray í Hollywood Hillbillies, sem söng fyrst í útvarp árið 1931. Annar sönghópur sem Rogers söng með var fenginn til að leika í ódýrum vestra og upp frá því fékk Rogers æ stærri hlutverk í bíómyndum. Hann heillaði lýðinn ásamt hesti sínum Trigger

og mótleikkonu Dale Evans og varð brátt einn af tíu launahæstu leikurum Hollywood.

Þegar eiginkona Rogers lést árið 1946 kvæntist hann Dale Evans, sem leikið hafði á móti honum um árabil. Rogers stjórnaði einnig vinsælum útvarpsþætti, The Roy Rogers Show, sem var breytt í sjónvarpsþátt árið 1951. Hann varð einn auðugasti maður Hollywood og átti fasteignir, nautgripi, hesta, ródeó-sýningar og veitingastaðakeðju. Roy Rogers lést árið 1998.



KIRKJUNNAR MENN Magnús Ragnarsson organisti og séra Sigurður Jónsson í Áskirkju eru lykilmenn í hátíðahöldunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Skrautviðburðir alla vikuna í Áskirkju

Áskirkja í Reykjavík fagnar þrjátíu ára vígsluafmæli með fjölbreyttum viðburðum alla vikuna. Meðal atriða er norskt leikrit. Séra Sigurður Jónsson segir nánar frá.

„Það er kærleikssamur í þessu leikriti,“ segir séra Sigurður Jónsson, sóknarprestur í Áskirkju, um Gaulaleikritið sem fjallar um brottför fóstbræðrana Ingólfs og Hjörleifs frá Noregi. Það er flutt reglulega utan-dyra í Noregi og sýnd verður upptaka af því í Áskirkju í kvöld klukkan 20. Leikritið er eitt af atriðunum í kirkjuviku Áskirkju sem heldur upp á þrjátíu ára afmæli í vikunni með margvíslegum hætti.

Gaulaleikritið er helgað vinasambandi Ássafnaðar og safnaðarins í Gaulum í Noregi sem hefur verið virkt árum saman, að sögn séra Sigurðar. „Við fengum til dæmis 63 gesti í heimsókn þaðan í sumar.“ lýsir hann en segir því miður enga fulltrúa verða frá Gaulum í kirkjunni í kvöld, hins vegar muni

Birgir Arnar, fyrrverandi formaður sóknarnefndar, segja frá þeirri vináttu sem myndast hefur milli safnaðanna.

Áskirkja var vígd þriðja sunnudag í adventu 1983, sem þá var 11. desember en af því að erfitt er að koma hátíðahöldum að í desember segir séra Sigurður að ákveðið hafi verið að taka forskot á sæluna og fagna afmælinu nú. Þó verði hátíðamessa þriðja sunnudag í adventu og þá muni biskup Íslands predika.

Alla þessa viku verður eitthvað um að vera í kirkjunni. „Við erum að flétta utan um hið hefðbundna safnaðarstarf ýmsum skrautviðburðum, sérstaklega verður tónlistin ríkjandi sem hann Magnús Ragnarsson organisti hefur veg og vanda af að undirbúa og einnig fáum við til okkar góða gesti,“ segir presturinn og nefnir sem dæmi að

kvartettinn Kvika og Raddbandafélagið hefji upp raustir sínar annað kvöld, þriðjudag, og á fimmtudag haldi Melodia, kammerkór Áskirkju, tónleika undir yfirskriftinni stríð og friður. „Titillinn er vísun í efni verkanna sem sungin verða, þau fjalla öll á einn eða annan hátt um stríð eða frið.“

Klezmertónlist – hátíðatónlist gyðinga – mun hljóma í Áskirkju á föstudagskvöld þegar Söngsveitin Fílharmónía, Ragnheiður Gröndal, og Þjóðlagasveitin Skuggamyndir frá Býsans koma í heimsókn og sú dagskrá verður endurtekin á laugardag. Kókubasar og nytjamarkaður safnaðarfélagins verður svo sunnudaginn 10. desember og að sögn séra Sigurðar verður þar margt eigulegra muna.

gun@frettabladid.is

Blúsfélag Reykjavíkur fagnar tíu ára afmæli á Rosenberg

Blúsfélag Reykjavíkur efnir til afmælis dagskrár á Café Rosenberg í kvöld kl. níu.

Blúsfélagið hefur vaxið og dafnað undanfarnar ár og við höfum haldið úti blúskvöldum fyrsta mánudag hverjum mánuði. Nú fögnum við tíu ára afmæli félagsins með sérstakri afmælis dagskrá,“ segir Halldór Bragason, einn stofnenda Blúsfélags Reykjavíkur, en félagið stendur fyrir tónleikum á Café Rosenberg í kvöld klukkan níu í tilefni tíu ára afmælis félagsins.

„Við vorum nokkrir áhugamenn sem vildum gera eitthvað í blúsmálum á Íslandi. Þá var lítið að gerast,“ útskýrir Halldór. „Félagið var stofnað á Kaffi Reykjavík. Tilgangur okkar var og er

að auka hróður blúss á Íslandi og það gengur frábærlega vel,“ segir Halldór jafnframt.

Að sögn Halldórs er dagskráin í kvöld gríðarlega spennandi. „Það koma þarna tónlistarmenn víða að. Jón Páll Bjarnason gítarleikari verður með okkur en hann er þekktur í djassheiminum. Brynhildur Oddsdóttir verður einnig með og Róbert Þórhallsson. Þá verð ég sjálfur að spila og ný hljómsveit sem heitir Kveinstafir,“ segir Halldór og hvetur sem flesta til að leggja leið sína á Café Rosenberg í kvöld.



BLÚS OG MEIRI BLÚS Halldór Bragason var einn af stofnendum Blúsfélags Reykjavíkur sem nú er orðið tíu ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LEIKFÖNG Í FULLRI STÆRÐ
Hönnuðurinn Silva Lovasová frá Slóvakíu skannaði inn smá leikfangahúsgögn í þríviðdarskanna og endurskapaði þau í fullri stærð. Meðal þess voru hægindastóll, hneti og lampi.

GEZE



Sjálfvirkur hurðaropnunarþúnaður fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi. Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarnghler.is



ELDSTÖÐ Í HJARTA REYKJAVÍKUR

ELDSTÖÐIN TRYGGVAGÖTU KYNNIR Í Eldstöðinni að Tryggvagötu 11 eru reglulegar bíósýningar og úrvalsaðstaða fyrir mannfagnað af ýmsu tagi.

JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafþúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Eldstöðin í Tryggvagötu 11 hóf starfsemi sumarið 2011 undir nafninu Volcano House. Eigendurnir, systkini úr Vestmannaeyjum, vildu miðla fræðslu og upplifun um eldgos á Íslandi til ferðamanna og létu slag standa með opnun Eldstöðvarinnar sem sýnir tvær heimildarmyndir um jarðvirkni á Íslandi á heila tímanum frá 9.00 til 22.00 alla daga vikunnar. Önnur myndin lýsir á dramatískan hátt eldgosinu í Heimaey 1973 og baráttu eyjarskeggja við náttúruöflin en hin segir frá gossögu Íslands með áherslu á gosið í Eyjafjallajökli. Mörgum ægifygrum skotum bregður fyrir í myndinni en kvikmyndatökuteymið var tilnefnt til Emmy-verðlauna fyrir framúrskarandi kvikmyndatök.

Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Eldstöðvarinnar, segir myndirnar mjög heillandi og fræðandi fyrir ferðamenn og Íslendinga. Þær eru framleiddar sérstaklega fyrir Eldstöðina og ekki sýndar annars staðar. Hægt er að panta sérsýningar á ensku, þýsku, frönsku og íslensku. „Sýningarnar höfðu einkum til ferðamanna en við höfum líka fengið íslenska hópa sem hafa notið bíósýning-

anna, bæði fullorðna og skólahópa, sem hafa haft gagn og gaman af.“

Eldstöðin býður ekki bara upp á notalegan bíosal af fullkomnustu gerð, sem tekur allt að 60 manns í sæti, heldur er þar einnig þrjúaðstaða fyrir hópa og mannfagnaði af ýmsu tagi. Veitingarýmið er innréttað með tekkhúsgögnum og tekur sextíu manns í sæti og hefur sérlega heimilislegt andrúmsloft. Innst í kaffihúsinu er aðstaða fyrir kynningar og fyrirlestra í opnu rými, með skjávarpa, tjaldi og hljóðnema. „Aðstaðan hér hentar mjög vel fyrir fundi, fyrirlestra og mannfagnað af ýmsu tagi. Sumum hentar að nýta bæði bíosalinn og koma svo fram í kaffihúsið fyrir umræður, skoðanaskipti og veitingar. En svo hentar heimilislegt andrúmsloftið ekki síður saumaklúbbum og hópum með ýmis sérá hugamál svo sem þrjúna- eða leshópum. Að sjálfsögðu er svo hægt að panta máltíðir, léttu rétti, kökur og fleira góðgæti úr eldhúsinu auk áfengra drykkja. Svo erum við í góðri samvinnu við Kaffitár og leggjum metnað okkar í að framreiða frábæra kaffibolla í hvert sinn fyrir viðskiptavinum okkar“ segir Dóra.



KRAUMANDI ELDSTÖÐ „Aðstaðan hér hentar mjög vel fyrir fundi, fyrirlestra og mannfagnaði af ýmsu tagi,” segir Dóra.



FULLKOMINN BÍOSALUR Myndirnar höfðu einkum til ferðamanna en Íslendingar njóta þeirra líka.

HAUST

tilboðsdagar

20-50% afsl.

af hágæða sængurverasettum í stærðum 140x200 / 140x220 / 200x200 og 200x220 cm

Nokkrar skipti- / sýningar- og útlitsgallaðar dýnur í mismunandi stærðum með

verulegum afslætti

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

25% afsl.

af vönduðum hægindastól með ljósu leðri

Verð nú aðeins kr.

67.425.-



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Of hátt rakastig er forsenda myglusvepps
Eru aðstæður fyrir myglusvepp?

RAKI?

Purrktækin draga úr loftraka

Stoppa myglu
Lágmarkar raka
Bætir loftgæði

Íshúsið

Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata. S: 566 6000

MATREIÐSLA OG FRAMREIÐSLA



Hefur þú starfað við matreiðslu eða framreiðslu í 5 ár eða lengur og vilt ljúka náminu?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.



NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is



Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

INSIDE insite

SAFT

TILKYNNNA ÖVIÐGANGI EÐA ÓLÖGLEGU EFNI Á NETINU

LÍKT OG VÍNGERÐ

ÍSLENSKT SÚKKULAÐI Omnom er glænýtt íslenskt súkkulaði sem kom á markaðinn um helgina. Á bak við það standa fjórir forfallnir súkkulaðigrísir sem segja súkkulaðigerð eiga margt sameiginlegt með víngerð.

Þetta spratt upp úr forvitni. Maður hafði ekki hugmynd um hvernig súkkulaði er búið til. Við vorum að ræða þetta við Óskar Þórðarson, æskufélagi minn, fyrir rúmu ári síðan og hægt og rólega fjárfestum við í vélum og kakóbaunum. Svo tóku við tilraunir í eldhúsinu heima," segir Kjartan Gíslason, matreiðslumaður og einn framleiðenda súkkulaðisins Omnom.

Fljótlega slógust Karl Viggó Viggósson, bakari og konditorimeistari og André Úlfur Visage hönnuður í hópinn og úr urðu fimm tegundir af súkkulaði sem komu á markaðinn nú um helgina. Kakóbaunirnar flytja þeir félagarnir sérstaklega inn og líkja súkkulaðigerðinni við víngerð.

„Baunirnar okkar koma frá Venesúela, Papúa Nýju-Gíneu, Ekvador og Madagaskar og við höfum prófað okkur áfram með mismunandi ristunartíma, sykurbrennslu og þar fram eftir götunum. Smáatriðin skipta máli og það má í raun líkja súkkulaðigerð við víngerð. Vín bragðast mismunandi eftir héruðum og árstíðum og það sama á við um kakóbaunina. Það skiptir líka máli hvernig baunin er þurrkuð og gerjuð áður en hún kemur í hendurnar á framleiðandanum," útskýrir Kjartan, sem augljóslega hefur gaman af vinnunni. „Það er aldrei leiðinlegur dagur í þessu.“

Um helgina komu fimm tegundir á markaðinn frá Omnom, tvær tegundir af dökku súkkulaði, tvær af mjólkur-súkkulaði og hvítt súkkulaði, sem Kjartan segir einstakt á Íslandi.

„Það er ekki framleitt annað hvítt súkkulaði á landinu. Við köllum það Dirty Blonde og notum í það lífrænt kakósmjör sem ilmar enn þá af kakóbauninni og gefur því mikla fyllingu í



KAKÓBAUNIR Félagarnir flytja sjálfir inn kakóbaunir, meðal annars frá Venesúela og Madagaskar.



SÚKKULAÐIGERÐ Aldrei leiðinlegur dagur, segir Kjartan um súkkulaðigerðina.

súkkulaðið. Við munum selja til að byrja með hjá vinum okkar hjá Reykjavík Roasters á Kárástíg en stefnum á að opna vefverslun fyrir jólin," segir Kjartan.

Hægt er að fylgjast með Omnom á Facebook. ■ heida@365.is



HÖNNUN Umbúðahönnunin var í höndum André Úlfs Visage.



DIRTY BLONDE Omnom Dirty Blonde er eina hvíta súkkulaðið sem framleitt er hér á landi.

70 PRÓSENT

Vöruhönnuðurinn Anna Þórunn Hauksdóttir hannaði borðin 70% og kynnti þau fyrr á árinu á Hönnunarmars. Borðin, sem eru úr gegnheilli eik, vöktu mikla athygli og nú eru þau loks komin í sölu hjá Epal.

Anna Þórunn sótti innblástur sinn í gamla súkkulaðiverksmiðju í miðbænum. Þeir dagar þegar angan frá framleiðslunni lagði yfir bæinn festust í minni hennar. Þá þótti henni form súkkulaðiþlötunnar bæði fallegt og virðulegt og því tilvalið að hanna borðplötu í hennar líki.

Nýlega var umfjöllun um 70% borðin í hönnunartímaritinu Milk Decoration í septembermánuði.



70% Borðin eftir Önnu Þórunni Hauksdóttur sem eru nú til sölu í Epal.

HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrir@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggitur
fasteignasali
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson
Löggitur
fasteignasali
Sími 896 2312

Sveinn Eyland
Löggitur
fasteignasali
Sími 690 0820

Íris Hall
Löggitur
fasteignasali

Pórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931

Eggert Mariusson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472

Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286

Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
Sími 661 7788

100% Þjónusta = árangur*


* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is



Auður Kristinsdóttir
Löggitur fasteignasali

Hringbraut 50, Hafnarfirði - 2ja íbúða hús
Opið hús þriðjudaginn 5. nóvember kl. 17:30 – 18:00



Íbúð á mið og efstu hæð, samtals 224 fm með 3-4 stofur, 3-4 svefnherbergi, baðherbergi & snyrtingu. Íbúð á neðstu hæð er 4ra herbergja 97 fm. Samtals þrennar svalir og tvær sólstofur. Bílskúr er frístándandi, 90 fm. 3 bílastæði framan við íbúðarhúsið og 2 bílastæði framan við bílskúrinn. Samtals eru þetta 412 fm á tveimur fastanúmerum.

Alls 412 fm - Áhvilandi 66,5 m - Verð 79,9 m

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is
Auður Kristinsdóttir

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá!



Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförunum árum.

Glæsilegt einbýli við Fossvogsdal

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu mikið endurnýjað einbýlishús við Birkigrund í Kópavogi.

Húsið er 286 fermetrar palla-byggt einbýli auk 32 fermetra bílskúrs á vinsælum og eftirsóttum stað við Fossvogsdalinn. Frábært fjölskylduhús í göngufæri við glæsilegt útivistarsvæði.

Húsið hefur verið mikið end-

urnýjað á undanförunum árum að innan, m.a. öll baðherbergin, eldhúsið, allar innihurðir og hluti af gólfefnum. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar. Þá var þakið endurnýjað árið 2010 ásamt niðurföllum og rennum.

Húsið skiptist í þrjá palla. Á neðsta palli er forstofa, gestasalerni, þvottahús og stórt herbergi. Á miðpalli er baðherbergi, sjónvarpshol, stórt her-

bergi og tvö góð barnaherbergi. Af stigapalli er síðan gengið út á flísalagðar svalir og þaðan niður á góða suðurverönd. Á efsta pallinum er stórt og glæsilegt eldhús með hvítlökkuðum innréttingum og granít á gólfi. Inn af eldhúsi er búr. Stofur eru tvær, rúmgóð stofa og borðstofa. Bílskúrinn er rúmgóður með geymslu bakatil.

Eigandi skoðar skipti á minni eign á höfuðborgarsvæðinu.

Vissir þú að...
þetta er stafræn og aðstoð og hjálp ef þú koma í ofbroti



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögfræðingur



Ásdís Irena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



Hrisateigur 31 - einbýli - Opið hús.
Mikið endurnýjað og vel skipulagt ca 182 fm einbýli ásamt 30 fm bílskúr. Tvær stofur, þrjú baðherbergi og allt að sex svefnherbergi. Innréttingar, gólfefni, frárennslu, dren, lóð, baðherbergi o.fl. endurnýjað. Gott fjölskylduhús í grónu hverfi. V. 64,9 m.
Opið hús á morgun, þriðjudag, frá kl. 17:00-17:45.



Spítalastígur 2a - Opið hús.
Á frábærum stað í Þingholtunum sérlega sjarmrandi og vel skipulagt sérþýli á tveim hæðum. Á neðri hæð er eldhús, baðherbergi og stofa. Á efri hæð tvö svefnherbergi. Húsið hefur verið töluvert endurnýjað að utan og innan og er í góðu ástandi.
Opið hús á morgun, þriðjudag, frá kl. 17:30-18:00.



Furuberg Hfj. - Einbýli
Frábært 4-5 herb. fjölskylduhús með sérstæðum bílskúr á einni hæð. Eignin skiptist í hjónaherbergi, 2-3 barnaherbergi. Baðherbergi, gestasalerni, stórt eldhús, stofu/borðstofu, þvottahús.
Góður sérstæður bílskúr. V. 49,9 m.



Austurkór 100-102 útsýnisíbúðir
Glæsilegar nýjar útsýnisíbúðir við Austurkór 100 og 102 í Kópavogi. Húsin tvö skiptast í þrjár 3ja og þrjár 4ra herbergja íbúðir. Afhendast fullbúnar án gólfefna í september og október 2014. -3ja herbergja 111,8 - 138 fm. -4ra herbergja frá 140,2 - 167,6 fm. -Allar íbúðir með tveimur baðherbergjum -Íbúðir með hjónasvítu -6 íbúðir með bílgeymslu



Haukdælbraut - endaraðhús
